

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson veltir fyrir sér vilja þjóðarinnar og hver fari með umboð hennar. 11



**LEIKLIST** Guðjón Davíð Karlsson þarf að steppa á hvolfi í sérútbúnu flugbelti í Mary Poppins. 22



**SPORT** Manchester United varð af mikilvægum stigum um helgina þegar Tottenham skoraði í uppbótartíma. 19


BÍLMAGNARAR PRENTARAR SÍMAR MP3 SPILARAR FERÐATÆKI BÍLTÆKI ÚTVÖRP MAGNARAR

RISAÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

Heimilistæki www.ht.is

Sjá allt úrvalið á ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

21. janúar 2013

17. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Vildi kyssa góða nótt**

Umhverfis- og skipulagssvið hafnaði umsókn Völundar Snæs Völundarsonar um opnun veitingastaðar á neðri hæð húss hans við Bókhlöðustíg. 2

**Samdráttur fram úr svartri spá** Umferð um Víkurskarð dróst meira saman í fyrra en Vegagerðin hafði gert ráð fyrir í endurskoðun skýrslu vegna Vaðlaheiðarganga. 6

**Fleiri vilja Árna Pál** Í nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 vill flest Samfylkingarfólk Árna Pál Árnason sem formann. 6

**Enn finnast látnir** Tala látinna hækkar stöðugt vegna gíslatökunnar í Alsír. Í gær fundust 25 lík í viðbót. 8





10

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | SA | 7 |
| Akureyri | 2° | SA | 3 |
| Egilsstaðir | 2° | SA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | A | 9 |
| Reykjavík | 3° | A | 9 |

**Austan strekkingur** S- og V- til á landinu en hægari N- og A-til. Úrkoma um S- og A-vert landið en nokkuð bjart N-til. Hiti að 7 stigum S-lands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Atvinna | Fólk





# Fjórðungur íslenskra karlmanna á byssu

Alls 25,3 prósent íslenskra karla og 7,3 prósent kvenna eiga byssu. Íbúar landsbyggðarinnar eru líklegri en íbúar höfuðborgarsvæðisins til að eiga skotvopn og þá eiga kjósendur Framsóknarflokksins og eldra fólk frekar byssur en aðrir.

**KÖNNUN** Sjötti hver fullorðinn Íslendingur, eða 16,2 prósent, á eitt eða fleiri skotvopn. Mikill munur er á skotvopnaeign kynjanna, en alls eiga 25,3 prósent íslenskra karla byssu en 7,3 prósent kvenna.

Þetta leiðir ný skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í ljós. Hinn dæmigerði skotvopnaeigandi reynist vera karlmaður yfir fimmtugu sem býr á landsbyggðinni og kýs Framsóknarflokkinn.

Alls eiga 15,5 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins byssu en 17,8 prósent íbúa á landsbyggðinni. Þá eiga 18,5 prósent þeirra sem eru 50 ára og eldri skotvopn en 14,3 prósent þeirra á aldrinum 18 til 49 ára.

Framsóknarmenn eru líklegri en stuðningsmenn annarra stjórnmálaflokka til að eiga skotvopn. Tæplega þriðjungur þeirra á byssu. Stuðningsmenn Bjartrar framtíðar eiga hins vegar fáir byssur, eða einungis 14,9 prósent. Tæpur fimmtungur stuðningsmanna ríkisstjórnarflokkanna á byssu.

Fréttablaðið greindi nýverið frá því að hér á landi væru um 30,3 byssur á hverja 100 íbúa. Meðalskotvopnaeigandinn á því um tvær byssur. Elvar Árni Lund, formaður Skotveiðifélags Íslands, segir þær tölur ríma ágætlega við sína félagsmenn. „Ég myndi halda að það væri mjög nærri lagi. Innan okkar raða er algengast að menn eigi eina eða tvær, þá yfirleitt einn veiðiriffil og eina haglabyssu," segir Elvar.

**31,0%**

framsóknarmanna á byssu en 19,1 til 19,2% stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar.

Þá segir Elvar að félögum í Skotveiðifélaginu hafi fjölgað síðustu ár þótt hlutfall veiðimanna af þjóðinni hafi lækkað. „Ég held að það skýrist einfaldlega af því að það eru fleiri áhugamál í boði en áður."

Niðurstöðurnar byggja á svörum 800 einstaklinga sem valdir voru slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

- bj, mþl / sjá síðu 4



**AUSTURRÍKI** Í gær gengu Austurríkismenn til atkvæða um herskyldu.

Nærri helmingurinn kaus:

## Herskylda áfram við lýði

**VÍN, AP** Austurríkismenn samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær að herskylda yrði áfram við lýði í landinu. Samkvæmt fyrstu tölum voru 60% fylgjandi herskyldunni en 40% voru á móti og vildu að stofnaður yrði atvinnumannaher. Næstum helmingur atkvæðabærra manna í Austurríki tók þátt í atkvæðagreiðslunni.

Andstæðingar herskyldunnar telja að her með atvinnumönnum yrði skilvirkari, en þeir sem eru fylgjandi herskyldu telja að slíkur her myndi setja hlutleysi Austurríkis í hernaðarmálum í hættu. 22 þúsund Austurríkismenn þurfa að gegna herskyldu á ári hverju. - fb



**BALLIÐ BÚIÐ** Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, átti erfitt með að leyna vonbrigðum sínum eftir tapið gegn Frökkum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ísland úr leik á HM:

## Sárt tap gegn Frökkum

**ÍÞRÓTTIR** Íslenska landsliðið í handknattleik er úr leik á heimsmeistarmótinu á Spáni eftir naumt tap, 30-28, gegn heims- og Ólympíumeisturum Frakka sem eru komnir áfram í átta liða úrslit mótsins.

Þeir voru ekkert alltof margir sem áttu von á því að mikið breytt lið Íslands myndi stríða reyndu og öflugu liði Frakka. Raunin varð önnur.

Með viljann að vopni gáfu strákarnir ekki tommu eftir allan leikinn og voru inni í honum allt til enda.

Klaufaleg mistök undir lok leiksins reyndust aftur á móti dýrkeypt og sterkir Frakkar refsuðu grimmilega fyrir þau og tryggðu sér farseðilinn í átta liða úrslit. - hbg / sjá síðu 18

Ofbeldismaður réðst á eldri mann sem bauð honum far og rændi bílnum:

# Fannst látinn á heimili sínu

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á áttræðisaldri fannst látinn á heimili sínu á miðvikudag í síðustu viku. Helgina áður hafði hann gefið manni far úr miðborg Reykjavíkur, en farþeginn réðst á hann og rændi af honum bílnum. Maðurinn handleggsbrotnaði í árásinni.

Dóttir mannsins hefur ítrekað sett tilkynningar á Facebook síðan brotið var á föður hennar, þar sem hún auglýsti bæði eftir bílnum og þjófnum.

Hún sagði í samtali við Vísi í gær að óðæðismaðurinn hefði skilið föður hennar eftir slasaðan úti á götu. Þar lá hann þar til tvær konur fundu hann og hringdu á lögreglu. Atvikið átti sér stað í Kópavogi. Maðurinn kærði bæði bílstuldinn og líkamsárásina til lögreglu.

Fjórum dögum eftir atvikið fannst maðurinn látinn á heimili sínu. Haft er eftir konunni á Vísi að talið sé að hann hafi látist á mánudegi eða þriðjudegi af völdum hjartaáfalls. Þá eru bráðabirgðaniðurstöður sagðar benda til þess að andlát hans hafi borið að með eðlilegum hætti.

Lögregla hefur ekki viljað tengja andlát mannsins við árásina sem hann varð fyrir. Rannsókn málsins er þó í fullum gangi. Enginn hefur enn verið handtekinn vegna árásarinnar og bílþjófnaðarins. - sv



**LEITAÐ** Mercedes-Benz bifreið mannsins sem ráðist var á í Kópavogi er enn ófundin.






Suðurlandsbraut 20 | Sími: 595 0500



Fiskislóð 39

Opið alla virka daga

kl. 10–18

og laugardaga kl. 11–15

FORLAGIÐ

BÓKABÚÐ FORLAGSINS

## SPURNING DAGSINS



Óli, snýst þetta um að bera saman bækur sínar?

**„Já, en það er óþarfi að lesa á milli línanna.“**

Óli Gneisti Sóleyjarson rekur Rafbókavefinn. Á vefnum er að finna bækur sem innihalda texta sem er ekki lengur höfundarvarinn og því geta lesendur sótt bækurnar sér að kostnaðarlausu. Hann hefur falast eftir hjálp við að leiðrétta ljóslesinn texta.

Sextán stjórnarmenn í sex félögum tengdum Hörpu fengið 40 milljónir í laun:

# Harpa kostaði 17,5 milljarða

**STJÓRNSÝSLA** Heildarkostnaður við byggingu tónlistarhússins Hörpu er talinn vera 17,5 milljarðar króna. Þá hafa stjórnarmenn í félögum sem tengjast tónlist Hörpu fengið ríflega fjörutíu milljónir í sinn hlut frá því í maí 2011.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í svari Jóns Gnarr borgarstjóra við fyrirspurn Kjartans Magnússonar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem lögð var fram í borgarstjórn. Í svarinu segir að við yfirtöku ríkis og borgar á verkefninu hafi heildarkostnaður við byggingu hússins verið áætlaður um 16,7 milljarðar miðað við núverandi verðlag. Raunin hafi hins vegar orðið 17,5 milljarðar.

Þá er fjallað um greiðslur til stjórnarmanna þeirra félaga sem tengjast Hörpu. Sextán stjórnarmenn hafa fengið ríflega fjörutíu milljónir í sinn hlut á einu og hálfu ári. Þar af hafa tveir, Pétur J. Eiríksson og Þórunn Sigurðardóttir, fengið meira en tíu milljónir hvort um sig. - mþl



**HARPA** Kostnaður við byggingu Hörpu varð meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ræddi við ráðherra:

# Segir ummæli Kristínar fráleit

**STJÓRNSÝSLA** Björgvin G. Sigurðsson, formaður allsherjar- og menntamálanefndar, segir ummæli Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, um svokallaða ferðamannahælisleitendur fráleit.

Björgvin sagðist í samtali við RÚV hafa rætt stuttlega við innanríkisráðherra fyrir helgi og fundið að hann væri sammála sér. Haft er eftir Björgvin að hann vilji að forstjóri Útlendingastofnunar dragi ummælin til baka. - sv



**HEATHROW** Flugi hefur verið frestað á Heathrow vegna mikillar snjókomu. NORDICPHOTOS/AP

Slæmt ástand á Heathrow vegna mikillar ofankomu:

# 260 flugferðum frestað í gær

**LONDON, AP 260 flugferðum var frestað á Heathrow-flugvelli í London í gær, eða um fimmtungi allra flugferða, vegna snjókomu og lítils skyggnis. Þetta var þriðji dagurinn í röð sem flugferðum var frestað á Heathrow, sem er einn fjölfarnasti flugvöllur Evrópu.**

**Stjórnendur Heathrow segjast hafa eytt milljónum punda í að bæta aðstöðu sína til að geta glímt við slæmt veður á veturna, eftir að nánast þurfti að loka flugvellinum í nokkra daga í desember 2010 vegna fannfergis. Vegna slæmrar veðurspár er gert ráð fyrir áframhaldandi seinkunum á flugi á Heathrow.** - fb

Forystukjör Samfylkingar:

# Oddný býður sig fram til varaformanns

**STJÓRNMÁL Oddný G. Harðardóttir, þingkona úr Suðurkjördæmi og fyrrverandi fjármálaráðherra, gefur kost á sér til embættis varaformanns Samfylkingarinnar. Oddný gerði ákvörðun sína ljósa á stefnuþingi Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi í gær, og í kjölfarið á Facebook-síðu sinni.**

**Oddný er fyrst til gefa kost á sér í embættið, en Dagur B. Eggertsson, núverandi varaformaður, hefur tilkynnt að hann gefi ekki kost á sér til endurkjörs.**

**Nýr varaformaður verður kosinn á landsfundi Samfylkingarinnar sem fer fram 1.-3. febrúar.** - mþl

# Snæfríður Baldvinsdóttir látin

Snæfríður Baldvinsdóttir, sérfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu og lektor við Háskólann á Bifröst, lést á laugardag á heimili sínu í Reykjavík.



Snæfríður var fædd 18. maí árið 1968 og var dóttir hjónanna Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra, og Bryndísar Schram. Hún lauk BSc-prófi í hagfræði og alþjóðasamskiptum frá John Cabot University árið 1995 og MS-prófi í fjármálahagfræði og stærðfræði frá St. John's University árið 2000. Þá lauk hún meistaraprófi í þjóðhagfræði og hagmælingum frá Háskóla Íslands árið 2011. Hún lætur eftir sig dóttur á framhaldsskólaaldri og sambýlismann.

# Langaði að geta kysst börnin sín góða nótt

Umhverfis- og skipulagssvið hefur synjað beiðni Völundar Snæs Völundarsonar um opnun veitingastaðar á neðri hæð heimilis síns. Nágrannar mjög mótfallnir slíkum rekstri. Villa í fundargerð skipulagssviðs orsakaði fjaðrafok á Facebook.

**SKIPULAGSMÁL** „Draumurinn var að geta með þessum hætti sameinað fjölskyldulífið og vinnuna. Reka lítinn heimilislegan veitingastað nánast inni á heimilinu,“ segir Völundur Snær Völundarson veitingamaður. „Þetta eru auðvitað mikil vonbrigði.“



**VÖLUNDUR SNÆR VÖLUNDARSON**

Meirihluti umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur synjað beiðni Völundar varðandi framkvæmdaleyfi vegna opnunar lítils veitingastaðar á neðri hæð íbúðarhúss síns við Bókhlöðustíg 2. Ástæða synjunarinnar er sögð vöntun á deiliskipulagi fyrir svæðið. Þá sátu fulltrúar Sjálfstæðisflokks hjá við afgreiðslu málsins, þar sem gögn um rask á framkvæmdatíma lágu ekki fyrir.

Fjölmargir íbúar í nágrenni húss Völundar höfðu mótmælt fyrirhuguðum framkvæmdum. Borginni var afhentur undirskriftalisti með hátt í tuttugu undirskriftum, sem og ítarlegri umsagnir, þar sem mótmælin eru rökstudd. Þar kom meðal annars fram að nágrannar óttuðust hljóð- og lyktarmengun, skort á bílastæðum, almennt ónæði vegna verðandi veitingahúsagesta og framkvæmda á svæðinu og rýrnun fasteignaverðs.

Hið fyrirhugaða veitingahús átti að vera í svokölluðum flokki tvö. Ekki átti að vera opið lengur en til klukkan 23 á kvöldin og staðurinn það lítill að hann rúmaði ekki fleiri en fjörutíu gesti.



**EKKI VILJI FYRIR VEITINGAHÚSI** Ýmis starfsemi hefur verið rekin á Bókhlöðustíg 2, svo sem frímerkjabúð, þvottahús, tannlæknastofa, blikksmiðja og sjoppa. Nágrannar virðast ekki spenntir fyrir opnun veitingastaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Alvarleg villa í fundargerð

Hjálmar Sveinsson, fulltrúi Samfylkingar á umhverfis- og skipulagssviði, er tengdasonur hjóna sem sendu inn athugasemd um framkvæmdirnar til borgarinnar. Þau búa við Laufásveg og mæltust til þess að gert yrði deiliskipulag af reitnum áður en nokkuð yrði samþykkt. Þá spyrja þau hvort það sé stefna borgaryfirvalda „að breyta þessu sögulega þorpi í íbúða- og veitingahúsahverfi“.

Vegna tengsla sinna vék Hjálmar af fundum ráðsins í þau skipti sem málið var tekið fyrir. Það kemur þó hvergi fram í fundargerðum, heldur stendur þvert á móti að Hjálmar hafi verið meðal þeirra sem fóru fram á bókun á fundunum.

„Ég vék af fundunum þegar þessi mál voru rædd. Þetta eru villur í fundargerðum, handvömm hjá fundarritara,“ segir hann. „Það er mjög mikilvægt að það komi fram að það kom ekki til greina að ég sæti þessa fundi og vont mál að þetta skuli ekki vera gert rétt, en þetta verður leiðrétt.“

Heitar umræður sköpuðust um málið á samfélagsmiðlum um helgina, þar sem fjölskyldutengsl borgarfulltrúans voru tekin fyrir.

Synji Reykjavíkurborg beiðnum sem þessum hafa umsækjendur möguleika á að kæra ákvörðunina eða fara fram á að borgin geri deiliskipulag á svæðinu þar sem gert verði ráð fyrir þeim möguleika að reka veitingahús í flokki tvö á neðstu hæð hússins. Eins og áður sagði liggur deiliskipulag ekki fyrir.

sunna@frettabladid.is




Pyntingar fanga enn við lýði í Afganistan samkvæmt Sameinuðu þjóðunum:

# Fangar pyntaðir í Afganistan

**KABÚL, AP** Sameinuðu þjóðirnar halda því fram að yfirvöld í Afganistan stundi ennþá pyntingar á föngum, þar á meðal að hengja þá upp á úlnliðunum og lemja þá með rafmagnsköplum.

Ár er liðið síðan Sameinuðu þjóðirnar greindu fyrst frá þessu og lofuðu stjórnvöld í Afganistan að bæta ráð sitt.

Samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna hefur grimm meðferð á föngum lítið skánað í afgönskum fangelsum á þessum tíma, þrátt fyrir athugasemdirnar. Í skýrslunni kemur fram að afgönsk yfirvöld hafi reynt að fela meðferð sína á föngunum fyrir fulltrúum Sameinuðu þjóðanna. Vegna þess hversu hægt gengur að breyta gangi mála í fangelsunum hefur herlið NATO neyðst til að hætta við að færa fanga í hendur afganskra yfirvalda af ótta við að þeir verði pyntaðir.

Samkvæmt skýrslunni eru fangarnir hengdir upp og lamdir með rafmagnsköplum, lamdir með spýtum, þeim gefin raflost, snúið er upp á kynfæri þeirra, þeim er hótað að flösku verði stungið upp í endaþarm þeirra og þeim er hótað lífláti.

Í skýrslunni kemur fram að rúmlega helmingur þeirra 635 fanga sem fulltrúar Sameinuðu þjóðanna ræddu við hafði verið pyntaður. Það er nánast sama hlutfall og kom fram í fyrstu skýrslu samtakanna árið 2011. - fb



**HERMENN NATO** Hermenn NATO hafa hætt við að færa fanga í hendur afganskra yfirvalda. NORDICPHOTOS/GETTY




**Sjónvarp Símans**
Þú getur farið til baka
í sjónvarpsdagskránni

Ekki örvænta þótt þú missir af uppáhaldsþættinum þínum.
Við breyttum fjarstýringunni nefnilega í tímavél svo að þú getir valið dagskrárliði á völdum stöðvum allt að sólarhring aftur í tímann.

**Komdu í næstu verslun okkar og fáðu þér Sjónvarp Símans fyrir aðeins 1.490 kr. á mánuði.**

Nánar á siminn.is

**1.** Veldu stöð **2.** Ýttu á i
**3.** Veldu dagskrárlið
**4.** Flakkaðu aftur í tímann!

Síminn

## GENGIÐ
18.01.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,64 | 129,26 |
| Sterlingspund | 204,90 | 205,90 |
| Evra | 171,52 | 172,48 |
| Dönsk króna | 22,979 | 23,113 |
| Norsk króna | 23,066 | 23,202 |
| Sænsk króna | 19,812 | 19,928 |
| Japanskt jen | 1,4321 | 1,4405 |
| SDR | 197,45 | 198,63 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
233,98

Síldarvinnslan hefur lokið rafvæðingu fiskimjölsverksmiðju á Norðfirði:

# Rafmagn leysir af olíu í bræðslu

**SJÁVARÚTVEGUR** Rafvæðingu fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað er lokið. Kostnaður fyrirtækisins nemur rúmlega 400 milljónum króna auk uppbyggingar á vegum RARIK, samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins.

Framkvæmdir við rafvæðinguna hófust fyrir rúmu ári, en þær fólust meðal annars í að þurrkarar verksmiðjunnar voru rafvæddir og komið var upp háspennubúnaði, spennum, rofum og öðrum tilheyrandi rafbúnaði. Eins var settur upp 34 metra hár skorsteinn og nýr lykteyðingarbúnaður. RARIK kom upp nýjum spenni en að loknum framkvæmdunum hefur aflið í aðveitustöðinni á Norðfirði verið tvöfaldað.

Gert er ráð fyrir að eftir þessar breytingar aukist rafmagnsnotkun verksmiðjunnar um rúmlega tíu megavött, en olía var áður notuð til að framleiða þá orku. Rafvæðingin er gjaldeyrissparandi, þar sem innlend orka kemur í stað innfluttrar. Eins mun útblástur frá verksmiðjunni minnka mikið. - shá



**Á NORÐFIRÐI** „Peningalyktin" verður ekki eins áberandi í bænum eftir breytingarnar. MYND/KRISTÍN SVANHVÍT

Lest ekið á íbúðarhús:

# Konan ekki lengur grunuð

**SVÍÞJÓÐ** Hreingerningakonan sem var ein í lestinni sem rakst á íbúðarhús í Saltsjöbaden í Stokkhólmi fyrr í vikunni er ekki lengur grunuð um að hafa stolið henni.

Samkvæmt upplýsingum saksóknaraembættisins virðist sem um slys hafi verið að ræða.

Í tilkynningu sem send var sænskum fjölmiðlum segir að allt bendi til þess að röð tilviljana hafi orðið til þess að lestin fór af stað við þrifin á henni. Rannsókn á slysinu er enn í gangi. - ibs



**Í ARLINGTON** Barack Obama og Joe Biden í kirkjugarðinum í Arlington. NORDICPHOTOS/AP

Athöfn í Hvíta húsinu í gær:

# Obama sór embættiseiðinn

**WASHINGTON, AP** Barack Obama sór í annað sinn embættiseið sem forseti Bandaríkjanna við lágstemmda athöfn í Hvíta húsinu í gær. Hann mun sverja eiðinn opinberlega í dag og halda í framhaldinu vígsluræðu sína á tröppum bandaríska þinghússins fyrir framan hundruð þúsunda manns. Joe Biden sór einnig embættiseið sem varaforseti Bandaríkjanna í gær. Eins og venjan er lögðu þeir blómsveig að minnisvarða hins óþekkta hermanns í kirkjugarðinum í Arlington. Fjögur ár eru liðin síðan Obama tók við embætti forseta Bandaríkjanna. -fb

## BANDARÍKIN

### Skaut fimm til bana

Unglingspiltur skaut tvo fullorðna og þrjú börn til bana á heimili í Nýju-Mexíkó á laugardagskvöld. Hann var handtekinn. Ekkert er vitað um tilefni árásarinnar. Lögreglan rannsakaði í gær hver átti nokkrar byssur sem fundust á heimilinu. Ein þeirra var hálfsjálfvirkur hermannariffill.

## STJÓRNMÁL

### Frí til að fara á þing

Ólafur Þór Gunnarsson úr Vinstri grænum hefur fengið frí frá störfum sem bæjarfulltrúi í Kópavogi til að taka sæti á Alþingi. Ólafur tekur þar sæti Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur.

# Framsóknarmenn eru líklegastir til að eiga byssu

**Karlar eru mun líklegri en konur til að eiga byssu, samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Landsbyggðarbúar eiga frekar skotvopn en borgarbúar. Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn eru líklegri til að eiga skotvopn en stuðningsfólk ríkisstjórnarinnar. Í þeim hópi á tæpur fimmtungur byssu.**

**KÖNNUN** Hinn dæmigerði íslenski skotvopnaeigandi er karlmaður yfir fimmtugu sem býr á landsbyggðinni og kýs Framsóknarflokkinn. Þetta má lesa úr niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var í síðustu viku. Fjórðungur íslenskra karlmanna á byssu samkvæmt könnuninni.

Alls eiga 16,2 prósent landsmanna á kosningaaldri, eða einn af hverjum sex, einhvers konar skotvopn. Sé miðað við tölur gunpolicy.org má segja að hver skotvopnaeigandi eigi að meðaltali tvær byssur. Gera má ráð fyrir því að mikill meirihluti þessara skotvopna sé haglabyssur og veiðirifflar.

Munurinn á kynjunum er mikill. 25,3 prósent karlmanna eiga byssu en 7,3 prósent kvenna. Íbúar landsbyggðarinnar eru líklegri til að eiga skotvopn en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu, þó að munurinn sé ekki ýkja mikill. Um 17,8 prósent íbúa landsbyggðarinnar eiga byssu, en 15,5 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins. Þá eru þeir sem eldri eru líklegri til að eiga skotvopn. Alls eiga 18,5 prósent þeirra sem eru 50 ára eða eldri byssu, en 14,3 prósent fólks á aldrinum 18 til 49 ára. Þá sýnir sig að þeir sem eru óákveðnir eða gefa ekki upp afstöðu til flokka eru ólíklegastir til að eiga skotvopn, en í þeim hópum eiga 11,1 og 6,1 prósent byssu.

Hringt var í 1.342 manns þar til náðist í 800, samkvæmt lagskiptu úrtaki 16. janúar og 17. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Átt þú skotvopn?

brjann@frettabladid.is

## Skotvopnaeign Íslendinga

Spurt var: átt þú skotvopn?




### ➜ Skotvopnaeign eftir stjórnmálaflokkum




Skýringar:
- Já, á byssu
- Nei, á ekki byssu

99,1%
aðspurðra í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 tók afstöðu til spurningarinnar um hvort þeir ættu í fórum sínum skotvopn.

HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 16. OG 17. JANÚAR 2013

*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Hagnýtt bókhald**

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 600 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 17. september (9:00-12:00)
Kvöldnámskeið hefst 27. september (18:30-21:30) Verð aðeins 119.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.500 hafa sótt námskeið frá 1986
Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VÆTUSAMT** S- og A-til næstu daga en nokkuð bjart N-til á landinu á morgun og miðvikudag. Strekkingur S-lands næstu daga en hægari fyrir norðan. Kólnar lítillega, hiti um og undir frostmarki N-til en frostlaust við S-ströndina.




**Á morgun**
5-13 m/s S- og V-til, hægari N-lands.




**Miðvikudagur**
5-12 m/s S- og V-til, hægari N-lands.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Billund | -1° | Gautaborg | -2° | London | 2° | Orlando | 23° | San Francisco | 16° |
| Basel | 3° | Frankfurt | 1° | Kaupmannahöfn | -2° | Mallorca | 14° | Ósló | -13 | Stokkhólmur | -3° |
| Berlín | -5° | Friedrichshafen | 2° | Las Palmas | 21° | New York | 0° | París | 3° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




PIPAR\TBWA • SÍA • 122400

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir forstjóri Útlendingastofnunar?
**2.** Hverju gat pólfarinn Vilborg Arna vart beðið eftir þegar hún hafði nýlokið för sinni?
**3.** Hvert flytur Jón Gnarr starfsemi borgarstjórnarskrifstofunnar um tíma?

**SVÖR:**
**1.** Kristín Völundardóttir **2.** Að komast í bað **3.** Í Gerðuberg í Breiðholti

Meirihlutinn vill frekar Árna Pál en Guðbjart sem formann Samfylkingarinnar samkvæmt könnun:

# 62% Samfylkingarfólks vilja frekar Árna Pál

**KÖNNUN** Meirihluti landsmanna vill heldur að Árni Páll Árnason verði næsti formaður Samfylkingarinnar en Guðbjartur Hannesson, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í síðustu viku.

Alls sögðust 54,2 prósent vilja Árna Pál í formannsstólinn, 36,9 prósent vilja að Guðbjartur Hannesson verði formaður en 8,9 prósent nefndu aðra. Meðal stuðningsmanna Samfylkingarinnar er stuðningurinn við Árna Pál meiri. Alls segjast 61,5 prósent vilja hann en 36,5 prósent stuðningsmanna flokksins vilja heldur Guðbjart.

Stuðningsmenn annarra flokka vilja frekar Árna Pál en Guðbjart. Á því er ein undantekning, um 56,3 prósent þeirra sem sögðust myndu kjósa Vinstri græn sögðust vilja Guðbjart en 31,3 prósent Árna Pál.

Hringt var í 1.342 manns, þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 16. janúar og fimmtudaginn 17. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Alls tóku 43,2 prósent afstöðu. - bj



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**



**GUÐBJARTUR HANNESSON**

**HVER VILT ÞÚ AÐ VERÐI NÆSTI FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR?**




HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 16. OG 17. JANÚAR 2013

Tilraunaverkefni fer í gang:

## Alzheimer-kaffi opið fram á vor



**HEILBRIGÐISMÁL** Alzheimer-kaffi nefnist tveggja ára tilraunaverkefni sem unnið er í samstarfi við Félagsmiðstöðina Hæðargarði og FAAS – Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimersjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma.

Valda fimmtudaga frá því í janúar og fram í maí verður boðið upp á dagskrá fyrir áhugafólk og aðstandendur fólks með sjúkdóminn í Félagsmiðstöðinni Hæðargarði (gamla Víkingsheimilinu), með það fyrir augum að opna umræðu um erfiðleika fólks með Alzheimer. Fyrsta opnunin var 17. janúar. Frekari upplýsingar um tímasetningar er að finna á vefnum *www.faas.is*. - óká

## LÖGREGLUMÁL

### Sparkaði í lögreglumann

Laust fyrir klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags var óskað eftir aðstoð lögreglu vegna manns sem dyraverðir höfðu tekið úr umferð á skemmtistað í Hafnarfirði. Þegar maðurinn var færður inn í lögreglubíl lét hann sig falla inn í bílinn og sparkaði í andlit lögreglumannsins. Lögreglumaðurinn fór á slysadeild vegna eymsla eftir höggið.

### Full á bíl hrækti á lögreglu

Ung kona sem var gripin við akstur undir áhrifum í Hafnarfirði klukkan sjö í gærmorgun brást ókvæða við afskiptum lögreglu. Konan gaf upp rangt nafn og sýndi mótþróa við handtöku, að sögn lögreglu. Meðal annars hrækti hún á lögreglumann.

### Spændi upp sleðabrekku

Tæplega tvítugur piltur á yfir höfði sér kæru fyrir utanvegaakstur og brot á lögum um náttúruvernd eftir að hafa fest bíl og spænt upp grassvörð í sleðabrekku í þéttbýli í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum.

# Samdráttur fram úr svörtustu akstursspá

Umferð um Víkurskarð hefur dregist saman um tólf prósent frá árinu 2010. Umferð um skarðið í fyrra reyndist hálfu prósentustigi minni en dekksta spáin sem sett var fram í Endurskoðaðri umferðarspá um Vaðlaheiðargöng 2016 til 2040.

**VEGAMÁL** Samdráttur umferðar um Víkurskarð reyndist hálfu prósentustigi meiri en í svörtustu spánni sem Vegagerðin setti fram í Endurskoðaðri umferðarspá um Vaðlaheiðargöng 2016 til 2040.

Í spánni, sem gerð var í mars í fyrra, voru settar fram lágspá, miðspá og háspá. Lágspáin gerði ráð fyrir að umferð um Víkurskarð drægist saman um 5,0 prósent milli 2011 og 2012. Nýjar tölur Vegagerðarinnar sýna nú 5,5 prósenta samdrátt milli áranna.

Að sögn Friðleifs Inga Brynjarssonar, verkefnastjóra á umferðardeild Vegagerðarinnar, hefur umferð um Víkurskarð dregist saman um tólf prósent frá árinu 2010 þegar hún mældist hvað mest.

Hann segir að fyrir utan almennan samdrátt í þjóðfélaginu megi að einhverjum hluta rekja samdrátt umferðar á síðasta ári til slæms tíðarfars síðasta vetur.

Þá bendir hann á að samdráttur síðasta árs sé ekki svo fjarri því sem hafi mátt vænta, miðað við spána í endurskoðaðri langtímaspá Vegagerðarinnar fyrir umferð um Víkurskarð.

„Þessu til viðbótar gera svartsýnustu spár Vegagerðarinnar ráð fyrir því að umferð um Víkurskarðið geti ekkert aukist til ársins 2015. Þannig reynir Vegagerðin að taka tillit til afar óhagstæðrar þróunar í sínum spám,“ segir Friðleifur Ingi.

Þá segir hann of stutt liðið af þessu ári til að draga ályktanir um það hvernig umferðin um Víkurskarðið verði árið 2013. „En fyrstu sautján dagarnir gefa þó 9,5 prósentum meiri umferð en fyrir sama tímabil á síðasta ári. Þá verður einnig að hafa í huga að sama tímabil í janúar árið 2012 sýndi fjögurra prósenta aukningu miðað við árið þar á undan, en samt varð niðurstaðan 5,5 prósenta samdráttur.“ Vísbendinga um aukningu eða samdrátt á árinu verði því að bíða þar til tölur liggifyrir um umferð á fyrsta ársfjórðungi.

Þá segir Friðleifur Ingi sömuleiðis of skammt komið inn á spátímann, sem sé til áratuga, til þess að tölurnar fái haft áhrif á áætlanir um gerð Vaðlaheiðarganga. „Og þó að fyrsta árið koksi eitthvað skulum við nú sjá hvernig fer á næsta og þarnæsta líka.“ olikr@frettabladid.is



**HORFT NIÐUR Í EYJAFJÖRÐ** Slæm tíð í fyrravetur er sögð geta hafa haft áhrif til aukins samdráttar á umferð um Víkurskarð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**5,5%**
samdráttur varð á umferð um Víkurskarð á síðasta ári. Dekksta spá Vegagerðar frá því snemma í fyrra gerði ráð fyrir fimm prósenta samdrætti.




Hittu vinsæla fararstjóra Bændaferða

**Kíktu í kaffi**
**2 kynningarfundir**
**Í kvöld og annað kvöld**

**Komdu á kynningarfundi um ferðir á framandi slóðir í kvöld og annað kvöld. Inga Ragnarsdóttir fararstjóri kynnir seiðandi Sri Lanka í kvöld, kl. 20:00 og Guðrún Bergmann fararstjóri kynnir heillandi Suður-Afríku annað kvöld kl. 20:00.**

*Komdu í kaffi í Síðumúla 2.*

Kynning í kvöld
21. janúar Sri Lanka
Kynning annað kvöld
22. janúar Suður-Afríka




*Fáðu þér ókeypis eintak af nýja ferðabæklingnum*

*Skoðaðu ferðirnar á bændaferðir.is*

Sími 570-2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2, 108 Reykjavík
Opið kl. 8:30-16:00, virka daga

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

*Ferðaskrifstofa allra landsmanna*


Nýstárleg hugmynd um rafmagnsframleiðslu í neyðarástandi á Ísafirði:

# Vilja nýta togaraflotann til vara

**ÖRYGGISMÁL** Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að skipa starfshóp sem metur hvort hægt er að nýta togaraflota bæjarins til raforkuframleiðslu í neyðarástandi eins og því sem skapaðist í óveðrinu um áramótin.

Starfshópurinn, ef málið nær fram að ganga, verður skipaður fulltrúum Ísafjarðarbæjar, Orkubús Vestfjarða og Landsnets. Hópurinn mun gera tillögur um hvaða möguleikar eru fyrir hendi þegar raforkulínur og jafnvel varaaflstöðvar bregðast í óveðri, og er ætlað að skila áliti fyrir 1. júní, eins og segir í fundargerð bæjarstjórnar.

Í greinargerð með tillögunni, sem er runnin undan rifjum Kristjáns Andra Guðjónssonar, bæjarfulltrúa Í-listans, segir jafnframt að á sama tíma og óveðrið raskaði lífi Vestfirðinga, „var togarafloti Ísfirðinga í höfn, en þar um borð eru stórar og öflugar ljósavélar, sem hefðu auðveldlega getað nýst sem varaafl fyrir Ísafjarðarbæ, ef eftir hefði væri leitað, og skipulagning og búnaður væri með þeim hætti að unnt væri að mæta því ástandi, eins og varð hér um áramótin“. Er jafnframt hnykkt á því hversu mikið öryggismál sé um að ræða.

Tillaga Kristjáns var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. - shá



**Í HÖFN** Raforkuframleiðsla nokkurra togara færi létt með að halda húsum Ísfirðinga upplýstum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

☆ Tenerife ☆ Almería ☆ Benidorm

# SÓLARHRINGUR SUMARFERÐA



## SUMARIÐ Í FORSÖLU!

SÓLARHRINGSTILBOÐ Á ALLAR BROTTFARIR Í SUMAR

HEFST Í DAG KL. 12:00

### TENERIFE

FRÁ: VIKA

**85.700 KR.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Parque de las Americas í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna 97.400 kr.
Brottför: 12. júní - Vika.

### ALMERÍA

FRÁ: VIKA

**79.900 KR.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Hótel Arena Center í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna 101.800 kr. Brottför: 18. júní - Vika.

### BENIDORM

FRÁ: VIKA MEÐ 1/2 FÆÐI

**89.900 KR.***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Gran Hotel Bali í herbergi með 1/2 fæði. Verð m.v. 2 fullorðna 129.800 kr.
Brottför: 10. júní - Vika.

***Ódýrustu sætin** bókast fyrst!*

***Nánar á sumarferdir.is***

*Frábært verð í sólina í sumar!*

SUMAR 10 ÁRA FERÐIR

...eru betri en aðrar

* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Mikill meirihluti hlynntur því að olíuvinnsla verði heimiluð á Drekasvæðinu samkvæmt nýrri könnun:

# Átta af tíu vilja olíuvinnslu á Drekasvæðinu

**KÖNNUN** Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna vill að íslensk stjórnvöld leyfi olíuvinnslu á Drekasvæðinu, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í síðustu viku.

Alls sögðust 79,6 prósent þeirra sem tóku afstöðu mjög eða frekar hlynnt því að slík leyfi yrðu veitt. Um ellefu prósent sögðust hvorki fylgjandi né andvíg slíkum leyfisveitingum, og 9,4 prósent sögðust þeim mjög eða frekar andvíg.

Stuðningur við olíuvinnslu er mestur meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks, þar sem 86,9 prósent eru hlynnt vinnslu, og Framsóknarflokks, þar sem 85,4 prósent eru sömu skoðunar. Stuðningur við áformin er minnstur meðal stuðningsmanna Vinstri grænna, þar sem 60,9 prósent eru hlynnt olíuvinnslu en 30,4 prósent eru henni andvíg.

Hringt var í 1.342 manns þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 16. janúar og fimmtudaginn 17. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Alls tók 86,1 prósent afstöðu. - bj

## Afstaða til olíuvinnslu á Drekasvæðinu




HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 16. OG 17. JANÚAR 2013

# Dregið í myndagátu Fréttablaðsins



**KEPPNI** Nálægt 200 réttar lausnir bárust við myndagátu Fréttablaðsins sem birtist í blaðinu á gamlársdag.

Lausn gátunnar er: Spásagnir um endalok veraldar eru ekki nýjar af nálinni. Margir taka ekkert mark á þeim. Nú ríður á að bjarga lífi á jörðu.

Á myndinni má sjá hvernig lausnin er fundin.

Vinningshafinn er Eysteinn Ari Bragason og fær hann leikhúsmiða fyrir átta í Borgarleikhúsið í verðlaun. - ss




# Áttatíu og einn lést vegna gíslatökunnar

25 lík til viðbótar fundust í gasvinnslustöðinni í austurhluta Alsír í gær. Erfitt hefur reynst að bera kennsl á líkin. Mannræningjar sem hafa verið drepnir í átökum við lögreglu frá því á laugardag komu frá sex löndum og voru þungvopnaðir.

**ALSÍR, AP** Yfirmaður öryggismála í Afganistan sagði að sprengjuleitarmenn í gasvinnslustöð í Alsír, þar sem íslamskir öfgamenn tóku tugi erlendra starfsmanna sem gísla, hefðu fundið þar 25 lík til viðbótar.

Áður höfðu 23 gíslar og 32 mannræningjar látist eftir að alsírska lögreglan réðst inn í gasvinnslustöðina á laugardaginn eftir fjögurra daga biðstöðu. 685 Alsíringar og 107 erlendir starfsmenn björguðust þegar lögreglan réðst inn.

Einn maður til viðbótar lést í gær. Það var rúmenskur starfsmaður sem hafði særst illa og hafði verið fluttur heim til sín. 81 maður hafði því látist eftir gíslatökuna í gær. Erfitt var að bera kennsl á líkin sem fundust í gær vegna ástands þeirra, og var ekki vitað hvort um mannræningja eða gísla var að ræða.

Mannræningjarnir sem voru drepnir komu frá sex löndum og voru afar vel vopnaðir. Þeir höfðu komið sprengjum fyrir úti um alla gasvinnslustöðina. „Þeir voru búnir að ákveða að halda áfram með aðgerðina sem var búið að skipuleggja, að sprengja upp gasvinnslustöðina og drepa alla gíslana,“ sagði Mohamed Said, upplýsingaráðherra Alsírs í útvarpsviðtali.



**HERBÍLAR** Alsírskir herbílar skammt frá gasvinnslustöðinni Ain Amenas þar sem gíslatakan fór fram. NORDICPHOTOS/AP

## Belmoktar talinn sá hófsamasti

Maðurinn sem skipulagði gíslatökuna í gasvinnslustöðinni heitir Moktar Belmoktar. Fram að gíslatökunni var hann talinn sá hófsamasti af yfirmönnum AQUIM-samtakanna, sem þróuðust út frá al-Kaída. Belmoktar er 41 árs og gengur undir nafninu MBM í bandaríska varnarmálaráðuneytinu, Pentagon. AQUIM hefur rænt fjölda útlendinga, þar á meðal diplómötum og hjálparstarfsmönnum, á undanförnum áratug. Fram að gíslatökunni í Alsír er engu að síður talið að hópur Belmoktars hafi aldrei drepið gísl. Belmoktar var þekktur fyrir að fara samningaleiðina og fá væna fúlgu fjár fyrir gíslana sína. Peningana notaði hann til að vopnbúa sig og samstarfsmenn sína.

Búið er að handtaka fimm menn sem eru grunaðir um að tilheyra hópi mannræningjanna, sem tengjast samtökum Al-Kaída.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sagði að þrír breskir gíslar hefðu verið drepnir og þrír til viðbótar væru taldir af, auk útlendinga sem bjó í Bretlandi.

„Að sjálfsögðu mun almenningur spyrja út í viðbrögð Alsíringa við gíslatökunni. En ég vil taka fram að ábyrgðin á þessum dauðsföllum er hjá hryðjuverkamönnunum sem framkvæmdu þessa grimmilegu árás af ragmennsku,“ sagði hann.

freyr@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



ŠKODA Citigo er frábær smábíll sem býr yfir öllum þeim kostum sem einkenna Škoda bifreiðar sem eru þekktar fyrir **sparneytni** og **lága bilanatíðni**. Komdu við hjá HEKLU eða söluumboðum um land allt og kynntu þér hinn frábæra **ŠKODA Citigo**.

ŠKODA Citigo kostar aðeins kr. 1.950.000,-

4,5 · 105g · P 90 · ÖRYGGI

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Láttu hjartað ráða




„Hnetusmjörið mitt inniheldur 99,5% hnetur og aðeins 0,5% salt og er því í miklu uppáhaldi hjá mér.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

Matvöruverð hefur hækkað vegna ytri þátta:

# Krónublinda

Vigdís Hauksdóttir, þingkona Framsóknarflokksins og leiðtogi flokksins í Reykjavík Suður í komandi alþingiskosningum, birti nýverið pistil á heimasíðu sinni undir yfirskriftinni „sláandi verðkönnun“. Þar segir hún frá samanburði konu á kassakvittun frá Bónus árið 2007 og annarri þar sem nákvæmlega sömu vörur voru keyptar í desember 2012. Niðurstaðan sýnir að meðaltalshækkun á fjörutíu völdum vörum er tæplega 115 prósent á tímabilinu. Ályktun Vigdísar út frá könnuninni er eftirfarandi: „Okkur er talin trú um að kaupmáttur hafi „að mestu“ haldið sér. Þessar upplýsingar eru sláandi.“ Vigdís gerir þó enga tilraun til að rýna í raunverulegar ástæður þess að matvælaverð hefur hækkað. Kaupmáttur kemur þeim nefnilega ekkert við.



**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna heldur utan um vísitölu matarverðs í heiminum. Samkvæmt henni hefur matarverð í heiminum almennt hækkað um 35 prósent á viðmiðunartímabilinu sem Vigdís fjallar um. Ástæður þessara hækkana eru mýmargar. Náttúran hefur þar spilað stórt hlutverk. Mestu þurrkar sem orðið hafa í Bandaríkjunum í 50 ár, skógareldar í Rússlandi, uppskerubrestir í Evrópu og jarðskjálftar í Japan hafa til að mynda haft mikil áhrif til hækkunar á korni, kjöti, mjólkurvörum og mörgu öðru.

Í alþjóðavæddu samfélagi skiptir verð á olíu höfuðmáli í verði matvæla, enda þarf að flytja matvælin frá þeim löndum þar sem er arðbært að framleiða þau til þeirra sem vilja neyta þeirra. Heimsmarkaðsverð á olíu var um tuttugu prósentum hærra í desember 2012 en það var í sama mánuði fimm árum áður. Ástæður þeirra hækkana eru mýmargar. Í fyrsta lagi hækkaði hrávöruverð mikið í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar sem hófst 2008, þegar fjárfestingar færðust úr hlutabréfum yfir í hrávörur sem héldu betur verðgildi sínu. Byltingar í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum hafa einnig haft áhrif til hækkunar. Þá skiptir auðvitað miklu máli að millistétt heimsþorpsins stækkar á hverju ári og notar því bæði meira eldsneyti og borðar dýrari og fjölbreyttari fæðu.

En stóri þátturinn í verðhækkun á matvælum á Íslandi er hrun íslensku krónunnar. Hún féll um rúm 46 prósent gagnvart evru á því tímabili sem könnunin sem Vigdís fjallar um nær til. Um þetta á að ríkja almenn vitneskja. Samkeppniseftirlitið birti til dæmis skýrslu um verðþróun og samkeppni á dagvöruári í janúar 2012 þar sem sagði að miklar verðhækkanir skýrðust fyrst og fremst af ytri ástæðum, aðallega gengishruni íslensku krónunnar. Í skýrslunni segir orðrétt: „...eftir gengislækkun krónunnar hefur matvöruverð á Íslandi færst frá því að vera hlutfallslega mun hærra til þess að vera því sem næst jafnt meðalmatvöruverði í ESB löndum [...]. Í krónum talið hækkaði matvöruverð hins vegar gífurlega eftir hrunið.“ Í evrum talið hefur matvælaverð á Íslandi því lækkað.

Hækkandi matvöruverð er eingöngu ytri þáttum að kenna, ekki sitjandi ríkisstjórn eða aukinni álagningu verslana. Það á ekki að koma á óvart, þrátt fyrir aukinn kaupmátt. Það eina sem hefði getað haft einhver raunveruleg áhrif á þá bölvun sem krónan er hefði verið að bjóða upp á raunhæfan kost um upptöku annarrar myntar, til dæmis evru með aðild að Evrópusambandinu. Það er ekki hægt að stilla sér upp sem málsvara neytenda en vilja á sama tíma halda í íslensku krónuna. Að gera það ber vott um annað hvort vítavert þekkingarleysi eða óheiðarleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



# Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

**Heilsulausnir** henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

**Hefst 21. janúar.**

**Kynningarfundur mánudaginn 21. janúar, kl. 17:30**

**- Allir velkomnir -**

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kosningar í nánd

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, var gestur í Silfri Egils í gær. Þeir Egill Helgason ræddu þar vítt og breitt um stöðuna í stjórnmálunum og kosningabaráttuna fram undan. Í viðtalinu gaf Sigmundur Davíð í skyn að skuldavandi heimilanna og atvinnumálin yrðu sett á oddinn í kosningabaráttu flokksins. Þá sagði hann verðtrygginguna vera mjög stórt mál og rifjaði upp að þingmenn hans hefðu lagt fram þingsályktunartillögu um þak á hækkun verðtryggðra lána.

### Bjarni Ben, forsætisráðherra

Athyglisverðasta yfirlýsing Sigmundar í Silfri Egils var þó væntanlega sú að fjögurra flokka ríkisstjórn hugnaðist honum mjög illa. Sagðist hann óttast að of mikil óreiða yrði í stjórn svo margra flokka. Miðað við skoðanakannanir er stjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Samfylkingar, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar eina mögulega stjórnarsamstarfið án Sjálfstæðisflokksins. Með því að útiloka þátttöku í slíku stjórnarsamstarfi er Sigmundur Davíð því í raun að lýsa því yfir að Sjálfstæðisflokkurinn verði í næstu ríkisstjórn. Eina spurningin er því einfaldlega hvaða flokki Bjarni Benediktsson býður upp í dans eftir kosningar. Að því gefnu að kannanir gefi ágæta mynd af stöðunni.





### Verðtryggingin stóra málið?

Í tilefni af þessu má benda á að Sigmundur var meðal ræðumanna á fundi sem Framsóknarflokkurinn á Akranesi hélt í síðustu viku um verðtrygginguna. Annar ræðumaður á þeim fundi var Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness og mikill andstæðingur verðtryggingarinnar. Að fundi loknum afhenti Vilhjálmur Sigmundi Davíð penna til undirritunar stjórnarsáttmála þar sem kveðið yrði á um afnám verðtryggingar. Skyldi sú ósk Vilhjálms rætast?

magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Meiri sykur?

STJÓRNMÁL



**Katrín Jakobsdóttir**
mennta- og menningarmálaráðherra og varaformaður VG

Mörgum fulltrúum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins er tíðrætt um að stefna þeirra felist í að „stækka kökuna“. Það er ekki að ástæðulausu að þegar þessir herramenn eru spurðir um hvernig allt verði betra undir þeirra stjórn verða þeir jafnan mjög loðnir í tali og grípa til myndlíkinga. Þessi tiltekna hefur þó þann kost að óvart upplýsir hún allan sannleikann um hvers er von undir stjórn þessara manna.

### Endalaust sykurát

Flestum finnast kökur góðar. En að sama skapi vita allir í nútímasamfélagi að kökur eru ekki sérlega holl fæða. Það eru til ýmsar leiðir til lífsgæða en endalaust sykurát er ekki ein þeirra. Pólitík hægrimanna snýst hins vegar um endalaust sykurát. Arðrán á náttúrunni, útsala á auðlindum, bóluhagkerfi þar sem ríkið styrkir getulaus fyrirtæki til að þenja sig út tímabundið, sala ríkiseigna, þetta voru lausnirnar fyrir hrun og sjálfstæðismenn hafa ekkert að bjóða nema áframhald á því sama.

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ráku samfélagið á sínum tíma með þeim hætti að það leit út fyrir að hér væri mikill hagvöxtur. En hann reyndist innantómur. Hitaeiningarnar í þessum hagvexti voru aðeins sykur og meiri sykur og hann reyndist vond næring til framtíðar. Nákvæmlega sama er í boði núna. Fleiri álver, meiri einkavæðing, fleiri ríkisstyrkir til einkavina. Það er leitun að stjórnmálaöflum sem hafa orðið sér jafn rækilega til skammar og þeim sem stýrðu Íslandi á fyrsta áratug 21. aldar og eru þó svo bíræfin að mæta aftur til leiks og lofa engu öðru en að endurtaka sama leik, nákvæmlega eins.

> ➜ **Flestum finnast kökur góðar. En að sama skapi vita allir í nútímasamfélagi að kökur eru ekki sérlega holl fæða. Það eru til ýmsar leiðir til lífsgæða en endalaust sykurát er ekki ein þeirra.**

### Engin bætiefni

Til þess að veita þessum flokkum brautargengi þurfa menn að trúa því býsna ákaft að hér hafi aldrei orðið neitt hrun og engin kreppa heldur. Því að það sem þeir bjóða fram í næstu kosningum eru engin bætiefni heldur innantóm orka. Ekkert annað. Sama neyslupólitíkin og fór með þjóðina á hausinn haustið 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þjóðviljinn

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Hver er þjóðviljinn? Hvernig finnum við hann? Hver talar fyrir hann? Er hann einn eða síkvikur? Er hann summa þess sem öllum finnst? Er hann meirihluti fólks? Meirihluti þeirra sem taka afstöðu? Það er nú það. Í Egyptalandi fór nýlega fram þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem meirihlutinn samþykkti skert réttindi kvenna og aðrar afturfarir. Það minnir okkur á að ein manneskja á ekki að taka ákvarðanir um réttindi annarrar manneskju; mannréttindi eru algild og ekki efni í þjóðaratkvæðagreiðslur.

Ég fór upp í háskóla um daginn og hlustaði á nokkra fræðimenn tala um nýjar stjórnarskrártillögur og umræður í kjölfarið. Það var fróðlegt. Fræðimenn við Háskóla Íslands tóku ekki þátt í umræðunni á meðan stjórnlagaráð starfaði, en hafa látið í sér heyra að undanförnu – aldeilis – enda er málið nú í meðförum Alþingis og eðlilegur tími til að tjá sig. Harkaleg gagnrýni fræðimannanna hefur hins vegar komið ráðsmönnum í opna skjöldu; og þeir tala sumir um að hún sé alltof seint fram komin, strætó sé farinn.

Háskólarnir áttu sínar vondu stundir í Stóru bólu – en í raun og veru er vandséð að annað en þekkingarleit stjórni gerðum þessara fræðimanna og löngun til að sú þekking nýtist. Ekki er hægt að láta þessa gagnrýni sem vind um eyru þjóta. Til þess er hún of afdráttarlaus. Málefnalegri gagnrýni sérfræðinga á regluverk um sjálft þjóðskipulagið verður að svara málefnalega í stað þess að vísa henni á bug vegna tímaskorts.

**Hver er með umboð?**

**LEIÐ** hjartans er hins vegar að þora – að lifa í ást, trausti og þora inn á pólferð hugrekkis. Lifandi og andlega óbrenglað fólk þorir að halda mót hinu óþekkta, stóra og mikla. Hin hugrökku þora að lifa. Í spekibókinni Litla Prinsinum segir refurinn við drenginn að skilnaði: „Hér er leyndarmálið. Það er mjög einfalt: maður sér ekki vel nema með hjartanu. Það mikilvægasta er ósýnilegt augunum.“ Áttu þér markmið? Hefur þú unnið stefnumótun þína? Hver eru grunngildi þín? Hvernig er hjartastöð þín – veikluð af gunguskap eða svellandi af heilbrigði og hugrekki?

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Síðasta kvöldið í sukkinu

KVIKMYNDIR ★★★☆☆

**XL**
Leikstjórn: Marteinn Þórsson
**LEIKARAR: ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, MARÍA BIRTA BJARNADÓTTIR, HELGI BJÖRNSSON, ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR, ÞORSTEINN BACHMANN.**



**STANDA SIG VEL** Ólafur Darri og María Birta standa sig sérstaklega vel í XL.

Það er ekki ofsögum sagt að Ólafur Darri Ólafsson beri hitann og þungann af myndinni XL, sem var frumsýnd um helgina, enda er hann í nær hverjum ramma eða þá að myndin er séð út frá hans sjónarhorni. Leikstjóri myndarinnar er Marteinn Þórsson, sem leikstýrði síðast myndinni Roklandi, þar sem Ólafur fór einmitt líka með aðalhlutverkið.

Myndin er unnin út frá þekktu minni, þar sem aðalpersónan, alþingismaðurinn Leifur, er að komast á endastöð í drykkju, kvennafari og allra handa ólifnaði á meðan líf hans hrynur allt í kringum hann. Skemmst er frá því að segja að frammistaða Ólafs Darra er með þeim ágætum að ef hann hefur ekki þegar sannað sig sem fremsti kvikmyndaleikari sinnar kynslóðar ætti þessi mynd að taka af öll tvímæli. Siðblindinginn Leifur er ljóslifandi í meðförum hans; þingmaður sem er þvingaður í meðferð af vini sínum, forsætisráðherra, eftir að hafa orðið sér til skammar á almannafæri. Hann á í sambandi við unga stúlku (María Birta) en neitar að sætta sig við það að hjónabandi hans sé lokið. Hann ákveður að halda síðustu drykkjuveisluna áður en hann munstrar sig inn á Vog. Myndin snýst um síðasta sólarhringinn fyrir meðferð, veisluna og undirbúning hennar, ásamt því að liðnum atburðum er skotið inn í til að skýra framvinduna.

Í það heila er XL vel gerð. Hún er hrá og töff í útliti, og myndatakan oft á fleygiferð og í og úr fókus, sérstaklega þegar horft er frá sjónarhorni Leifs. Hljóðið er nokkuð gott og tónlistin í takti við söguna. Efnistökin eru ekki fyrir viðkvæma þar sem hispurslausar kynlífssenur eru alltíðar, enda stór hluti af sögunni. Myndin er grimm að mörgu leyti, en hún fjallar einmitt um grimman heim alkóhólisma.

Handritið er líka ágætt en framvindan er frekar hæg, aukapersónurnar nokkuð lengi að finna sinn sess í sögunni og endirinn helst til rislítill.

Ólafur Darri er eins og fyrr segir frábær í sínu hlutverki en aukaleikararnir standa sig flestir vel, sérstaklega María Birta, sem er vaxandi leikkona, og sjálfur Helgi Björns sem helsti vinur Leifs (sem er álíka innrættur).

XL er ágæt mynd en í heildina er hún ekki alveg nógu skemmtileg né nógu grípandi til að geta talist afbragðsgóð. **Þorgils Jónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Eftirminnileg frammistaða Ólafs Darra ber uppi vel gerða mynd sem nær því þó ekki að teljast afbragðsgóð.










**VEKUR ATHYGLI** Myndband Haralds Haraldssonar við lag dúettsins Barregaard&Briem, Love With You, hefur vakið athygli, en þetta er fyrsta tónlistarmyndbandið sem hann leikstýrir. Myndbandið var tekið upp fyrir framan þessar hillur inni í stofu hjá Haraldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tók myndbandið upp í stofunni heima hjá sér

Myndband **Haralds Haraldssonar** við lag dúettsins Barregaard&Briem, Love With You, hefur vakið athygli víða um heim. Myndbandið var einfalt í smíðum og tekið upp í stofunni heim hjá leikstjóranum þar sem myndvarpi og fallegar hönnunarhillur leika lykilhlutverk.

„Mesta verkið var trúlega að tæma hillurnar og raða í þær aftur eftir tökur," segir Harald Haraldsson, sem leikstýrði myndbandi dúettsins Barregaard&Briem við lagið Love With You, en myndbandið hefur vakið athygli á ýmsum vígstöðum.

Fyrir viku var myndbandið valið á forsíðu hinnar vinsælu Vimeo-síðu og yfir fjörutíu þúsund manns sáu það þar. Þá hafa umfjallanir um myndbandið birst á hönnunarsíðunum Dezeen.com og The Creators Project sem báðar hæla verkinu. Þetta er fyrsta tónlistarmyndbandið sem Harald gerir, en hann er menntaður rafmagns-og tölvuverkfræðingur.

„Gerð myndbandsins var frekar einföld. Það var tekið upp á einni kvöldstund, að mestu í stofunni heima. Fyrst tók ég upp söngvarann og leikkonuna í stúdíói hjá mér. Svo fór ég heim og varpaði myndbandinu á tómar hillurnar," segir Harald, en þannig mynduðust skemmtilegir skuggar. „Það er notkunin á hillunum sem hefur vakið athygli í hönnunarheiminum. Mér datt þetta nú bara í hug einn daginn þar sem ég sat inn í stofu og horfði á hillurnar. Mig grunaði að þetta myndi vekja einhverja athygli."

Harald starfar sjálfstætt og hefur einbeitt sér að stórum auglýsingaverkefnum. Hann hefur meðal annars leikstýrt tæknilegum auglýsingum fyrir Símann og Airwaves-tónlistarhátíðina. „Ég fór í framhaldsnám til Tókýó þar sem ég sérhæfði mig í tölvusjón, innan rafmagns- og tölvuverkfræðinnar, sem meðal annars er tæknin sem er notuð til að þróa vélmenni og sjálfvirka bíla. Ég reyni að nýta þessa tækni á skapandi hátt. Nú vona ég bara að lagið sjálft fái jafn mikla athygli og myndbandið því það er sannkallaður poppsmellur."

alfrun@frettabladid.is



**AUGLÝSING** Hér er mynd úr auglýsingu sem Harald gerði fyrir Símann.


**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900
landmark.is
Landmark leiðir þig heim!


Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266


Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312


Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820


Íris Hall
Löggiltur fasteignasali


Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309


Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931


Eggert Maríuson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472


Haraldur Ómarsson
sölufulltrúi
sími 845 8286


Sigurður Fannar Guðmundsson
Sölufulltrúi
Sími 897 5930


Ólafur Hilmarsson
Sölufulltrúi / Húsasmíðameistari

100% þjónusta = árangur*

EIRHÖFÐI 15 – 110 RVÍK.



Virkilega gott 675,4 fm. iðnaðarhúsnæði með rúmlega 5 metra lofthæð. Stórt malbikað plan fyrir framan eignina, upphitað að hluta. Tvær stórar innkeysluhurðir. Eignin skiptist í rúmgott iðnaðarsvæði, búningaaðstaða með sturtu og salerni. Efrihæð með nokkrum skrifstofum, salerni og rúmgott eldhús.
**Verð: 79,9 m. kr. Upplýsingar veitir Þórarinn s. 770-0309**

EIRHÖFÐI 2-4 - 110 RVÍK.



9.241 fm. lóð með 523 fm. vörugeymslu á. Mögulegur Byggingaréttur á lóðinni. Lóðin er afgirt. Vörugeymslan er ekki einangruð, 2 innkeyrsluhurðir á eigninni og steypt upphitað plan fyrir framan aðra þeirra. Kaffistofa og salerni. Eignin er veðbandslaus. **Óskað eftir tilboðum í eignina.**
**Upplýsingar veitir Þórarinn s. 770-0309**

SKEMMUVEGUR - TIL LEIGU



Virklega gott 110 fm atvinnuhúsnæði á stórri innkeyrsluhurð, plássið er afar snyrtilegt. Malbikað plan fyrir framan.
**Þórarinn S. 770-0309**

EINIMELUR - 107 RVÍK.



Um er að ræða vel skipulagt 305,5 fm einbýlishús á 2.hæðum. Innb.bílskúr á eftirsóttum stað í vesturbæ Reykjavíkur. Stór og gróin lóð og 50 fm suður-svalir.
**V. 99.5.- millj. Uppl: Sveinn gsm: 6900.820**

TRÖLLAKÓR - 203 KÓP.



Snyrtileg og vel skipulögð 2ja herb. íbúð með sérinngangi á 2.hæð í lyftuhúsi á þessum vinsæla stað.
Íbúð er alls 83.3 fm. Góðar 10 fm yfirbyggðar suður-svalir.
**V. 22.5.- millj. Upp: Sveinn gsm: 6900.820**

LANGALÍNA - 210 GBÆ.



Vel staðsett og snyrtileg 2ja herb. 69.7 fm íbúð á 2.hæð í nánast viðhaldsfríu lyftuhúsi. Rúmgóðar suður-svalir og með íbúð fylgir stæði í lokaðri bílgeymslu.
**ÍBÚÐ ER LAUS TIL AFHENDINGAR.**
**V.25.5.- millj. Uppl: Sveinn gsm: 6900.820**

## Danir flugu áfram

Danmörk, Þýskaland og Rússland öll komin áfram.

**HANDBOLTI** Danir voru ekki í neinum vandræðum með að komast í átta liða úrslit HM í gær. Eftir smá basl í upphafi leiksins völtuðu þeir yfir Túnisbúa. Danir mæta Ungverjum eða Pólverjum í næstu umferð mótsins.

Makedónar, sem völdu að spila gegn Þjóðverjum frekar en Frökkum með því að tapa viljandi gegn Dönum, sáu aldrei til sólar gegn Þjóðverjum og eru farnir heim. Þjóðverjar eru vaxandi á þessu móti og þeir spila gegn Spáni eða Serbíu í átta liða úrslitum.

Rússar lentu svo í kröppum dansi gegn Brasilíu en mörðu að lokum eins marks sigur. Þeir mæta Slóveníu eða Egyptalandi í næstu umferð.

- hbg



## Trúi því ekki að við séum úr leik

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson leyndi ekki vonbrigðum sínum í leikslok og hann var nokkuð lengi að jafna sig áður en hann gaf kost á samtali við fréttamenn í Barcelona í gær.

„Við vorum ekki slakara liðið eða lélegri en þeir, þrátt fyrir allan þann mannskap sem þeir eru með. Það eru allir að tala um hvað Frakkar séu æðislegir, og þeir eru búnir að vera það síðustu ár, en við sýndum það að þeir eru ekki mikið betri en við,“ sagði Aron Pálmarsson.

„Það voru dýrkeypt mistök á síðustu fimm mínútum leiksins sem kostuðu okkur sigurinn. „Tæknifeilar“ og við töpuðum baráttunni maður gegn manni í vörninni. Kannski skrifast það á þreytu – ég veit það ekki.

Ég trúi því ekki að við séum úr leik og leikurinn gegn Rússum situr enn í okkur. Það var leikur sem við áttum að vinna og hefði getað breytt mörgu hvað framhaldið varðar. Frakkland var ekki óskamótherjinn í sextán liða úrslitum en við komum okkur sjálfir í þessa stöðu,“ sagði Aron Pálmarsson.



- seth

# SVO GRÁTLEGA NÁLÆGT ÞVÍ

Íslenska handboltalandsliðið er úr leik á heimsmeistaramótinu á Spáni. Besti leikur Íslands á HM dugði ekki til gegn heims- og ólympíumeistaraliði Frakka sem landaði naumum sigri, 30-28, í mögnuðum leik.

**HANDBALL 2013**

### 16 LIÐA ÚRSLIT

**ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| **Þýskaland - Makedónía** | **28-23** |
| **Brasilía - Rússland** | **26-27** |
| **Danmörk - Túnis** | **27-18** |
| **Ísland - Frakkland** | **28-30** |

**Ísland - Mörk (skot): Þórir Ólafsson 7/5 (8/6), Aron Pálmarsson 6 (7), Guðjón Valur Sigurðsson 4 (10/1), Arnór Þór Gunnarsson 3 (3), Kári Kristján Kristjánsson 3 (4), Ólafur Gústafsson 2 (3), Snorri Steinn Guðjónsson 2 (6), Vignir Svavarsson 1 (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson (3),**

**Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 15/1 (44/5, 34%), Aron Eðvarðsson (1/1, 0%),**

**Hraðaupphlaup: 7 (Þórir, Guðjón 2, Arnór 2, Kári, Snorri )**

**Fiskuð víti: 7 (Guðjón, Kári 3, Ólafur, Vignir, Ásgeir)**

**Utan vallar: 2 mínútur.**

**Frakkland - Mörk (skot): Samuel Honrubia 8/2 (9/2), Michaël Guigou 5/2 (5/2), William Accambray 5 (8), Cédric Sorhaindo 3 (3), Nikola Karabatic 3 (4), Daniel Narcisse 2 (3), Luc Abalo 2/1 (3/1), Xavier Barachet 2 (5), Jérôme Fernandez (2/1),**

**Varin skot: Thierry Omeyer 11/1 (36/4, 31%), Daouda Karaboué 1/1 (4/3, 25%),**

**Hraðaupphlaup: 8 (Honrubia 2, Guigou 3, Accambray, Sorhaindo, Karabatic)**

**Fiskuð víti: 6 (Honrubia, Sorhaindo, Karabatic, Abalo, Barachet 2, )**

**Utan vallar: 0 mínútur.**

**Í DAG**

**18.00 Serbía - Spánn**
Sýndur á Stöð 2 Sport & HD

**18.00 Slóvenía - Egyptaland**
Sýndur á Stöð 2 Sport 3

**20.30 Króatía - Hvíta-Rússland**
Sýndur á Stöð 2 Sport 3

**20.30 Ungverjaland - Pólland**
Sýndur á Stöð 2 Sport & HD

**SPORT HD**

**Í DAG**
**15.55 Þorsteinn J og gestir**
**17.50 Serbía - Spánn**
**17.50 Slóvenía - Egyptaland (Sport 3)**
**19.50 Southampton - Everton (Sport 2)**
**20.10 Ungverjaland - Pólland**
**20.20 Króatía-Hvíta-Rússland (Sport 3)**
**22.00 Þorsteinn J og gestir**

**HM 2013 Á SPÁNI**




**Sigurður Elvar Þórólfsson** seth@365.is
**Vilhelm Gunnarsson** villi@365.is


**HANDBOLTI** Íslensku leikmennirnir gáfu allt sem þeir áttu í leikinn gegn Frökkum sextán liða úrslitum HM í Palau Sant Jordi höllinni í Barcelona í gærkvöld. Leikurinn var sá besti hjá Íslendingum á HM.

„Það er hrikalega svekkjandi að detta út úr keppninni – en þeir voru farnir að skjálfa aðeins og hristast, við fundum það alveg. Það var leiðinlegt að fá ekki sigur út úr þessu. Það var margt jákvætt á þessu móti, vörnin var góð í öllum leikjunum nema Danaleiknum, og það var fullt af leikmönnum að fá tækifæri. Það er gott fyrir framtíðina og ég er stoltur af þessu liði þrátt fyrir allt,“ sagði Aron Kristjánsson þjálfari eftir leikinn.

Aron hafði greinilega undirbúið lið sitt vel ásamt Gunnari Magnússyni og Erlingi Richardssyni, aðstoðarmönnum sínum. Íslenska vörnin stóð vaktina með prýði og gerði Frökkum erfitt að finna glufur á vörninni. Björgvin Gústavsson fann sig fljótlega í markinu og varði hann alls 15 skot, fjórum fleiri en Thierry Omeyer í marki Frakka.

Frakkar voru ávallt skrefi á undan fram að miðjum fyrri hálfleik, þegar Aron Pálmarsson kom Íslendingum yfir 7-6 eftir 16 mínútna leik. Aron var frábær í leiknum og skoraði 6 mörk úr 7 skotum og hann var í strangri gæslu hjá Frökkum, sem settu varnarmann honum til höfuðs. Frakkar náðu mest þriggja marka forskoti, 15-12, þegar mínúta lifði af fyrri hálfleik en Íslendingar skoruðu tvö síðustu mörkin í fyrri hálfleik og aðeins munaði einu marki í hálfleik, 15-14 fyrir Frakka.



**SVEKKTIR** Strákarnir okkar áttu erfitt með að leyna vonbrigðum sínum eftir æsispennandi leik gegn Frökkum í Barcelona í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sóknarleikur Íslands var lengi í gang eftir að Frakkar tóku Aron nánast úr umferð. Aron Kristjánsson brá á það ráð að setja Aron í stöðu hægri skyttu og sendi Ásgeir Örn Hallgrímsson í vinstra hornið. Ólafur Gústafsson fékk að spreyta sig í vinstri skyttunni og skoraði hann tvö mörk en gerði afdrifarík mistök undir lok leiksins sem hann mun læra af. Ásgeir Örn fann sig ekki í sókninni en hann stóð vörnina af krafti.

Frábær leikkafli Íslands varð til þess að liðið jafnaði metin, 26-26, þegar 6 mínútur voru eftir – og allt gat gerst. Frakkar sýndu styrk sinn og leikreynslu á síðustu þremur mínútunum og skoruðu þrjú mörk gegn einu – lokatölur 30-28.

Þrátt fyrir vonbrigðin að falla úr leik gegn heims- og ólympíumeistaraliði Frakklands er hægt að draga fram margt jákvætt hjá íslenska liðinu. Vörnin og markvarslan var eins og lagt hafði verið upp með en smáatriði í sóknarleiknum sem fóru úrskeiðis voru dýrkeypt þegar upp var staðið.

„Þegar við náum upp góðum leik gegn liði eins og Frakklandi á stórmóti við þessar aðstæður eru það alltaf smáatriðin sem skilja á milli. Þeir refsuðu okkur fyrir öll mistök og það var munurinn á þessum liðum í dag,“ sagði Snorri Steinn Guðjónsson í leikslok.

Stuðningsmenn íslenska landsliðsins fengu að kynnast nýjum leikmönnum sem nýttu vel það traust sem þjálfarinn sýndi þeim. Það vantaði marga lykilmenn frá síðustu stórmótum og ný kynslóð leikmann fékk dýrmæta reynslu á þessu móti.

Kári Kristján Kristjánsson þurfti að axla mun meiri ábyrgð í sóknarleiknum á línunni eftir að Róbert Gunnarsson meiddist í fyrsta leiknum. Arnór Þór Gunnarsson lék eins og reynslubolti í hægra horninu og Ólafur Gústafsson var vaxandi eftir því sem á leið mótið. Aron Rafn Eðvarðsson átti ágæta kafla í markinu og samkeppnin um stöður í íslenska landsliðinu er mun meiri án áður. Það verður án efa erfitt valið hjá Aroni þjálfara fyrir næsta mót.





Kia Sportage EX

**Árgerð 2012, 136 hestafla dísilvél, sjálfskiptur, 4x4, ekinn 30.000 km, 6 ár eftir af ábyrgð.**

Álfelgur, aksturstölva, hraðastillir, hiti í öllum sætum, loftkæling, fjarstýrðar samlæsingar, þjófavörn og margt fleira. Eyðir aðeins 6,9 l/100 km í blönduðum akstri.*

▶ **Verð: 5.590.000 kr.**

Mánaðarleg afborgun: 36.000 kr.**

*Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.
**Miðað við 3.500.000 kr. útborgun í peningum eða með uppítökubíl ásamt láni frá ERGO til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,64%. Vextir: 9,70%.

ergo

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR** Kletthálsi 2 · Sími 590 2160 · notadir.is **Opið frá kl.10-18**

ASKJA

## ÚRSLIT HELGARINNAR

**TOTTENHAM - MAN. UTD 1-1**
0-1 Robin van Persie (25.), 1-1 Clint Dempsey (90.+3).

**CHELSEA - ARSENAL 2-1**
1-0 Juan Mata (6.), 2-0 Frank Lampard, víti (16.), 2-1 Theo Walcott (57.).

**LIVERPOOL - NORWICH 5-0**
1-0 Jordan Henderson (26.), 2-0 Luis Suarez (36.), 3-0 Daniel Sturridge (59.), 4-0 Steven Gerrard (66.), 5-0 Ryan Bennett, sjm (74.).

**MAN. CITY - FULHAM 2-0**
1-0 David Silva (2.), 2-0 David Silva (69.)

**NEWCASTLE - READING 1-2**
1-0 Yohan Cabaye (35.), 1-1 Adam le Fondre (71.), 1-2 Adam le Fondre (77.).

**SWANSEA - STOKE 3-1**
1-0 Ben Davies (49.), 2-0 Jonathan de Guzman (57.), 3-0 Jonathan de Guzman (80.), 3-1 Michael Owen (90.+1).

**WEST HAM - QPR 1-1**
0-1 Loic Remy (14.), 1-1 Joe Cole (68.).

**WIGAN - SUNDERLAND 2-3**
1-0 David Vaughan, sjm (5.), 1-1 Craig Gardner, víti (17.), 1-2 Steven Fletcher (20.), 1-3 Steven Fletcher (42.), 2-3 Angelo Henriquez (79.).

**WBA - ASTON VILLA 2-2**
0-1 Christian Benteke (12.), 0-2 Gabriel Agbonlahor (31.), 1-2 Chris Brunt (49.), 2-2 Peter Odemwingie (84.).

### Staðan

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. Utd | 23 | 18 | 2 | 3 | 57:30 | 56 |
| Man. City | 23 | 15 | 6 | 2 | 45:19 | 51 |
| Chelsea | 23 | 13 | 6 | 4 | 47:22 | 45 |
| Tottenham | 23 | 12 | 5 | 6 | 40:28 | 41 |
| Everton | 22 | 9 | 10 | 3 | 35:26 | 37 |
| Arsenal | 22 | 9 | 7 | 6 | 41:26 | 34 |
| Liverpool | 23 | 9 | 7 | 7 | 40:28 | 34 |
| W.B.A. | 23 | 10 | 4 | 9 | 33:32 | 34 |
| Swansea | 23 | 8 | 9 | 6 | 34:27 | 33 |
| Stoke | 23 | 6 | 11 | 6 | 22:27 | 29 |
| Sunderland | 23 | 7 | 7 | 9 | 27:31 | 28 |
| West Ham | 22 | 7 | 6 | 9 | 25:28 | 27 |
| Norwich | 23 | 6 | 8 | 9 | 24:39 | 26 |
| Fulham | 23 | 6 | 7 | 10 | 33:40 | 25 |
| Southampt. | 22 | 5 | 7 | 10 | 30:40 | 22 |
| Newcastle | 23 | 5 | 6 | 12 | 28:41 | 21 |
| Aston Villa | 23 | 4 | 8 | 11 | 19:44 | 20 |
| Reading | 23 | 4 | 7 | 12 | 28:43 | 19 |
| Wigan | 23 | 5 | 4 | 14 | 25:43 | 19 |
| Q.P.R. | 23 | 2 | 9 | 12 | 18:37 | 15 |

# Dýrt mark hjá Dempsey

## Man. Utd með fimm stiga forskot þrátt fyrir klúður.

**FÓTBOLTI** Forskot Manchester United á toppi ensku úrvalsdeildarinnar er aðeins fimm stig eftir leiki helgarinnar. Manchester City vann sinn leik en United missti niður unnin leik í uppbótartíma gegn Tottenham þegar David De Gea markvörður náði ekki að kýla boltann nógu vel frá marki og Clint Dempsey skoraði.

„Við gerðum allt svo vel í þessum leik og sköllluðum alla bolta í burtu úr teignum. Ég er samt aðallega svekktur yfir því að við skildum ekki hafa verið búnir að afgreiða leikinn. Við fengum færi úr skyndisóknum en síðasta sendingin var slök," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, en hann vildi fá víti er Wayne Rooney virtist vera brugðið innan teigs.

„Það var klárt víti. Það var ekki von til þess að aðstoðardómarinn myndi dæma. Hann gaf þeim allt í þessum leik. Saga okkar og þessa aðstoðardómara er ekki góð. Hann sleppti því að dæma Drogba rangstæðan í leik gegn Chelsea fyrir nokkrum árum. Maður gleymir ekki slíku."

Spánverjinn David Silva sýndi allar sínar bestu hliðar og skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri á Fulham.

„Hann skoraði aðeins meira fyrir okkur í fyrra, en mikilvægi hans fyrir okkur er gríðarlegt, sama hvort hann skorar eða ekki. Við erum mjög ánægðir með frammistöðu hans í vetur," sagði David Platt, aðstoðarstjóri City, en stjórinn, Roberto Mancini, gaf ekki kost á viðtölum eftir leik. - hbg



**FÖGNUÐUR** Bandaríkjamaðurinn Clint Dempsey fagnaði jöfnunarmarki sínu í gær ógurlega. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES







# DAGSKRÁ

## > Stöð 2 kl. 20.05

### One Born Every Minute

Fáir vinnustaðir eru líflegri en fæðingardeildir. Því fá áhorfendur að kynnast í þessari mögnuðu þáttaröð frá Bretlandi þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn. Á fæðingardeildinni í Southampton fæðast börn allan ársins hring. Fæðingarnar ganga misvel og fjölskyldurnar sem að hinum nýfæddu börnum standa eru afar ólíkar. Við fáum að fylgjast með fæðingum, þessu magnaða kraftaverki þegar nýr einstaklingur lítur dagsins ljós.



## Í KVÖLD



### Kitchen Nightmares

**SKJÁR 1 KL. 20.40** Í kvöld heimsækir Gordon Ramsey sögulega steikhúsið Spin a Yarn í Kaliforníu. Veitingahúsið stendur höllum fæti og vill Ramsey meina að gamlar innréttingar og úreltur matseðill spili þar inn í. Að vanda fær hann eina viku til að snúa rekstrinum til hins betra.

66/100 IMDb 6,9



### Hart of Dixie

**POPPTÍVÍ KL. 21.10** Ungi læknirinn Zoe, leikin af Rachel Bilson, er sannfærð um að þau George hafi verið sköpuð hvort fyrir annað. Hann er þó ekki jafn sannfærður og vill halda sambandi þeirra á vinanótunum. Rose fer á stefnumót með Frederick, og Lemon og George fara að hitta prest.

43/100 IMDb 7,7



### Revenge

**RÚV KL. 21.15** Önnur þáttaröðin um Amöndu Clarke, sem reynir að ná fram hefndum fyrir föður sinn undir dulnefninu Emily Thorne. Komið er að brúðkaupi Victoriu og Conrad, sem endar ekki á sem bestan máta þegar lögreglan ræðst inn í veisluna og handtekur brúðgumann.

66/100 IMDb 8,3

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **106.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Nafnlausir vegir **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjörnurnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Samfélagið **22.30** Albúmið: Surfer Rosa - Pixies **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Silfur Egils** *(e)*
**16.50 Landinn** *(e)*
**17.20 Sveitasæla**
**17.31 Spurt og sprellað**
**17.38 Töfrahnötturinn**
**17.51 Angelo ræður**
**17.59 Kapteinn Karl**
**18.12 Grettir**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Doktor Ása** *(5:8) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Sporbraut jarðar** *(2:3) (Orbit - Earth's Extraordinary Journey)* Heimildarmyndaflokkur frá BBC. Við þjótum í kringum sólina á 100.000 kílómetra hraða á klukkustund. Í þáttunum kanna Kate Humble og dr. Helen Czerski samhengið á milli sporbrautar jarðar og veðurfars.
**21.15 Hefnd** *(6:22) (Revenge)* Bandarísk þáttaröð um unga konu sem snýr aftur á heimaslóðir undir dulnefni með það eina markmið að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Íslenski boltinn** Í þættinum er sýnt úr leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
**22.55 Millennium – Stúlkan sem lék sér að eldinum** *(3:6) (Millennium) (e)* **Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.**
**00.25 Kastljós** *(e)*
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.20 The Astronaut Farmer**
**12.05 Artúr og Mínímóarnir**
**13.45 Noise**
**15.15 The Astronaut Farmer**
**17.00 Artúr og Mínímóarnir**
**18.40 Noise**
**20.10 Dear John**
**22.00 The King's Speech**
**00.00 Robin Hood**
**02.20 Dear John**
**04.05 The King's Speech**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(11:22)*
**08.30 Ellen** *(78:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(65:175)*
**10.15 Wipeout USA** *(15:18)*
**11.00 Drop Dead Diva** *(12:13)*
**11.45 Falcon Crest** *(24:29)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X-Factor** *(1:27) (2:27)*
**15.10 ET Weekend**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(79:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(4:23)*
**19.40 The Middle** *(18:24)*
**20.05 One Born Every Minute** *(1:8)* Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild á breskum spítala þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.
**20.50 Covert Affairs** *(6:16)* Önnur þáttaröðin um Annie Walker, sem var nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún var skyndilega kölluð til starfa. Hún talar sjö tungumál reiprennandi en er alls ekki tilbúin til að fást við þær hættur sem starfinu fylgja. Hennar nánustu mega ekki vita við hvað hún starfar og halda að hún hafi fengið vinnu á Smithsonian-safninu.
**21.35 Red Riding - 1983** Þriðji og síðasti hluti þessa æsispennandi og magnaða þríleiks sem byggður er á sönnum sögum. Þriðja myndin gerist árið 1983 og þar koma öll leyndarmálin upp á yfirborðið.
**23.15 Modern Family** *(6:24)*
**23.40 How I Met Your Mother** *(5:24)*
**00.05 Chuck** *(12:13)*
**00.50 Burn Notice** *(10:18)*
**01.35 The League** *(2:6)*
**02.00 Land of Plenty**
**04.05 Red Riding - 1983**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 HM í handbolta - samantekt** Guðjón Guðmundsson fer yfir leikina á HM í handbolta.
**14.40 HM 2013: 16 liða úrslit**
**16.00 HM 2013: 16 liða úrslit**
**17.20 HM í handbolta - samantekt**
**17.50 HM 2013: 16 liða úrslit** BEINT
**19.40 Spænsku mörkin**
**20.20 HM 2013: 16 liða úrslit** BEINT
**22.00 Þorsteinn J. og gestir**
**22.30 HM 2013: 16 liða úrslit**
**23.50 HM 2013: 16 liða úrslit**
**01.10 Þorsteinn J. og gestir**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Tottenham - Man. Utd**
**14.20 Newcastle - Reading**
**16.00 WBA - Aston Villa**
**17.40 Sunnudagsmessan**
**18.55 Premier League Review Show 2012/13**
**19.50 Southampton - Everton** BEINT
**22.00 Premier League Review Show 2012/13**
**23.00 Football League Show 2012/13**
**23.30 Southampton - Everton**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.30 Svampur Sveinsson**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Elías**
**09.20 Strumparnir**
**09.45 Ofurhundurinn Krypto**
**10.10 Lukku láki**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.20 Ofurhetjusérsveitin**
**17.45 M.I. High**

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan** *(5:22)* Af mjög langsóttri ástæðu er Simpson-fjölskyldan heimilislaus. Hún sækir því um að fá að taka þátt í sjónvarpsþætti til að ráða bót á vandanum. Í honum mun fjölskyldan lifa eins og tíðkaðist fyrir rúmum 100 árum.
**17.30 ET Weekend**
**18.15 Gossip Girl** *(4:22)* Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** Umbreytingin úr vinum í elskhuga reynist Joey og Rachel erfiðari en þau höfðu gert ráð fyrir. Ross finnst hann fölur en tekst ekki að fylgja einföldum leiðbeiningum um brúnkusprey.
**19.20 How I Met Your Mother** *(18:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.05 Holidate** *(2:10)*
**20.50 FM 95BLÖ** Frábær skemmtiþáttur með Audda Blö og félögum þar sem við fáum að sjá það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.10 Hart of Dixie** *(20:22)* Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
**21.55 The O.C** *(5:25)* Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Pegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Þriðja þáttaröð.
**22.40 Holidate** *(2:10)*
**23.25 FM 95BLÖ**
**23.45 Hart of Dixie** *(20:22)*
**00.25 The O.C** *(5:25)*
**01.10 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(117:175)*
**19.00 Ellen** *(79:170)*
**19.45 Logi í beinni**
**20.30 Að hætti Sigga Hall í Frakklandi**
**21.05 Mér er gamanmál**
**21.35 Logi í beinni**
**22.20 Að hætti Sigga Hall í Frakklandi**
**22.55 Mér er gamanmál**
**23.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray**
**08.45 Dr. Phil**
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Upstairs Downstairs** *(2:6)* Ný útgáfa af hinum vinsælu þáttum Húsbændur og hjú sem nutu mikilla vinsælda á árum áður.
**19.00 America's Funniest Home Videos** *(6:48)*
**19.25 Hæ Gosi** *(2:8)* Endursýningar frá upphafi.
**19.50 Will & Grace** *(11:24)*
**20.15 Parks & Recreation** *(11:22)* Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Kosningaauglýsingarnar eru í fókus hjá herráði Leslie sem ætlar sér í stól bæjarstjórnar.
**20.40 Kitchen Nightmares** *(13:17)*
**21.30 Málið** *(3:6)* Hárbeittir fréttaskýringarþættir frá Sölva Tryggvasyni þar sem hann brýtur viðfangsefnin til mergjar. Sölvi kannar í þessum þætti þann skelfilega heim sem barnaníðingar lifa í og hrærast. Hann egnir gildru fyrir annan níðing og ræðir m.a. við fórnarlömb barnaníðinga.
**22.00 CSI** *(3:22)* CSI eru einir vinsælustu þættir frá upphafi á SkjáEinum. Ted Danson er í hlutverki Russel yfirmanns rannsóknardeildarinnar í Las Vegas. Kona sem seld hefur verið í kynlífsánauð finnst látin á rave skemmtun í eyðimörkinni í Nevada, rétt fyrir utan Las Vegas.
**22.50 CSI** *(13:23)* Fyrsta þáttaröð um Gil Grissom og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.
**23.30 Law & Order: Special Victims Unit** *(20:24)*
**00.20 The Bachelor** *(10:12)*
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Humana Challenge **2013** *(4:4)* **11.00** Abu Dhabi Golf Championship *(4:4)* **15.00** Humana Challenge **2013** *(4:4)* **18.00** Golfing World **18.50** Humana Challenge **2013** *(4:4)* **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour Year-in-Review **2012** *(1:1)* **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Ung á öllum aldri **20.30** Allt um golf **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Eldhús meistaranna

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




KPMG
*cutting through complexity*

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDÖGUM

# Skattadagur 2013

**Fimmtudaginn 24. janúar | kl. 8:30 - 10:00 | Borgartúni 27**

Á hverju ári eru fjöldi skattalagabreytinga sem snerta fólk og fyrirtæki. Á þessum fróðleiksfundi verða helstu breytingarnar kynntar auk þess sem handbók KPMG um skattamál einstaklinga og rekstraraðila 2013 verður dreift.

**kpmg.is**

## Dagskrá fróðleiksfundarins

Farið verður yfir nýja skatta á árinu 2013 og breytingar á eldri sköttum. Gerð verður grein fyrir helstu breytingum og fyrirhuguðum breytingum á ársreikningalögum og löggjöf um hlutafélög. Að lokum verður fjallað um undirbúning og ferlið við lagasetningar.

**Helstu skattalagabreytingar árið 2012 og þróun síðustu fjögurra ára**
*Alexander G. Eðvardsson, KPMG*

**Helstu breytingar og fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga og hlutafélagalöggjöf**
*Jónas Rafn Tómasson, KPMG*

**Undirbúningur lagasetningar og lagasetningarferlið – er þróunin í átt að aukinni fagmennsku, lýðræði og réttarríki?**
*Skúli Magnússon, héraðsdómari*




Skattabæklingar
KPMG 2013

**Skráning og frekari upplýsingar um fróðleiksfundinn er að finna á kpmg.is**

## MÁNUDAGSLAGIÐ



**„Þegar vetrarþokan grá með Steindóri Andersen og Hilmari Erni Hilmarssyni er þunglyndislegt og gott á mánudegi.“**

Heiða Helgadóttir ljósmyndari.

# Selja íslenskan raunveruleikaþátt úr landi

Saga Film hefur selt hugmyndina að hönnunarþáttunum Hannað fyrir Ísland til útlanda.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við seljum íslenskt format að skemmtiefni á borð við þetta úr landi,“ segir Kjartan Þór Þórðarson, framkvæmdastjóri Saga Film, sem gekk nýlega frá sölu á raunveruleikaþáttunum Hannað fyrir Ísland, meðal annars til Bretlands, Írlands og Norðurlandaríkjanna.

Sniðið, eða uppskriftin að þættinum sem Saga Film hefur selt, er byggt á þáttunum Hannað fyrir Ísland, sem voru sýndir á Stöð 2 í byrjun árs 2012. Það er því ekki verið að selja þættina sjálfa, heldur hugmyndina Hannað fyrir..., sem Saga Film á heiðurinn af, ásamt fyrirtækinu 66° Norður. „Þetta er í raun eins og þegar við kaupum raunveruleikaþættina Masterchef og X-Factor að utan. Þá þurfum við að fylgja öllum reglum um uppsetningu þáttanna. Nú sitjum við hinum megin við borðið og búum til reglurnar í kringum útfærslur á þáttunum,“ segir Kjartan, en Saga Film verður meðframleiðandi að bresku, írsku og sænsku útgáfunum. „Þar þjónum við stærra hlutverki en vanalega. Ég get samt ekkert sagt til um hvenær þættirnir fara í framleiðslu úti, en það getur tekið nokkur ár.“

Saga Film kynnti þættina fyrst fyrir helstu framleiðslufyrirtækjum á Norðurlöndunum á ráðstefnu í ágúst og í Frakklandi í október, þar sem þeim var vel tekið. Kjartan segir uppskrift þáttanna heilla framleiðslufyrirtæki því þetta sé hönnunarþáttur fyrir venjulegt fólk. „Við höfum líka bent á að áhorfið hér heima var nokkuð jafnt milli kynjanna, sem er óvanalegt fyrir svona lífsstílsþátt.“ **- áp**



**HANNAÐ FYRIR...** Þátttakendur í þættinum Hannað fyrir Ísland sem sýndur var á Stöð 2 fyrir einu ári.

# Hefði ekki gefið bókina um Armstrong út

Útgefandi bókar Lance Armstrong er tvístígandi.

„Maður getur ekki sagt til um það hvernig maður hefði hugsað fyrir sjö árum, en ég hefði að öllum líkindum ekki gefið út bók eftir mann sem er stimplaður svindlari, þá hefur bókin auðvitað misst allan trúverðugleika,“ segir Rúnar Helgi Vignisson, dósent í ritlist við Háskóla Íslands og útgefandi bókarinnar Þetta snýst ekki um hjólið eftir Lance Armstrong. Rúnar Helgi lýsti því yfir á Facebook að hann hefði aldrei gefið bókina út hefði honum verið kunnugt um lyfjaneyslu hjólreiðakappans.

Umrædd bók fjallar fyrst og fremst um baráttu Armstrongs við krabbamein, en hann greindist með eistnakrabbamein aðeins 25 ára gamall. Bókin var gefin út af Græna húsinu árið 2005, en útgáfan er í eigu Rúnars Helga og Guðrúnar Guðmundsdóttur.

Enn eru til eintök af bókinni og segist Rúnar Helgi tvístígandi með hvað gera skuli eigi við þau. „Það eru nokkrir kassar eftir og maður er svolítið tvístígandi um hvort fara eigi með þá í Sorpu eða á næsta bókamarkað, kannski hefur þetta aukið áhuga fólks á bókinni. Þetta er siðferðisleg spurning fyrir bókaútgefanda, maður gefur út bókina á allt öðrum forsendum en nú hafa komið í ljós. Ef í ljós kæmi að kölski skrifaði Biblíuna, hvað gerir maður þá við hana?,“ spyr Rúnar Helgi að lokum. **- sm**



**EFTIRSJÁ** Rúnar Helgi Vignisson gaf út bókina Þetta snýst ekki um hjólið eftir Lance Armstrong. Hann veltir fyrir sér hvað gera skuli við þær bækur sem eftir eru. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**HANGIR Í VINNUNNI** Leikarinn Guðjón Davíð Karlsson fer út fyrir þægindarammann er hann býr sig undir hlutverk sótarans Berts í söngleiknum Mary Poppins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Borgað fyrir að hanga

Guðjón Davíð Karlsson er spenntur fyrir að leika sótarann Bert í Mary Poppins. Meðal annars þarf hann að steppa á hvolfi í sérútbúnu flugbelti sérstaklega fluttu inn frá Hollywood og læra flóknar og nákvæmar dansrútínur.

„Ég viðurkenni að fyrst þegar ég prófaði þetta fékk ég smá fiðring en ég treysti strákunum á sviðinu vel svo það er ekkert að óttast,“ segir leikarinn Guðjón Davíð Karlsson, sem þarf að fara út fyrir þægindarammann í hlutverki sótarans Berts í leikritinu Mary Poppins.

Guðjón, eða Gói eins og hann er kallaður, þarf meðal annars að steppa á hvolfi í sýningunni og fékk sérstakt flugbelti til þess að útfæra þá brellu. Gói hefur því eytt síðustu dögum í að hanga í bókstaflegri merkingu. „Ég hef nú haft það fyrir reglu að hanga ekki í vinnunni en nú fæ ég borgað fyrir það. Ég er sem betur fer ekki lofthræddur. Það er mikið um flug- og tæknibrellur í sýningunni sem gerir hana að miklu sjónarspili,“ segir Gói, en flugbeltið svokallaða hefur verið notað í Spiderman-myndunum og af stórstjörnum á borð við Brad Pitt og Angelinu Jolie. „Jú, þetta er víst bæði Broadway- og Hollywood-vottað belti. Það eykur óneitanlega öryggistilfinninguna en það er búið að smíða sérstakt búr þar sem ég get æft mig í að dansa á hvolfi og hlið.“

Gói hefur tekið þátt í fjölmörgum dans- og söngleikjum síðustu árin. Hann viðurkennir þó að hann hafi aldrei þurft að læra svona flókna og nákvæma dansrútínu áður. „Það mæðir mjög mikið á okkur Hönsu, Jóhönnu Vigdísi, sem leikur Mary Poppins. Við erum búin að vera á mjög stífum æfingum með Lee Proud danshöfundi og aðstoðarmanni hans, Anthony Whiteman. Steppið er einnig búið að vera glíma. Það er ekki beint dansstíll sem maður tekur á djamminu og ómögulegt að ljúga sig í gegnum það. Ef þú tekur vitlaust skref þá heyrist það. En það er búið að vera mjög gaman að læra að steppa og ég ætla klárlega að steppa í öllum sýningum hér eftir.“

Söngleikurinn Mary Poppins verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu 22. febrúar. Leikstjóri er Bergur Þór Ingólfsson og Agnar Már Magnússon sér um tónlistina.

Gói heillaðist af sýningunni er hann sá hana í London fyrir sjö árum. „Ég man að ég sat alla sýninguna með hökuna í gólfinu og hugsaði með mér: „Ég ætla að leika Bert!“ Svona geta draumar ræst.“

**alfrun@frettabladid.is**




# Stúdentakjallararinn á nýjum stað

Stúdentakjallarinn hefur verið opnaður á nýjan leik, nú á Háskólatorgi.

„Háskólasamfélagið er svo risastórt og ólíkir einstaklingar sem mynda það. Við viljum reyna að þjóna markshópnum með því að hafa eins fjölbreytta dagskrá og við mögulega getum,“ segir Björg Magnúsdóttir, dagskrárstjóri hins nýopnaða Stúdentakjallara.

Margir kunna að þekkja nafnið enda var sams konar staður undir sama nafni starfræktur í Gamla Garði frá árinu 1975 til 2007. Þegar bygging Háskólatorgs reis árið 2007 var honum lokað en nú hefur Stúdentakjallarinn verið opnaður aftur á nýjum stað, fyrstu hæð téðs Háskólatorgs. „Við höfum verið meðvituð um söguna í hönnun staðarins og reynt að gera henni góð skil, til að mynda með því að hafa gömul Stúdentablöð hangandi á veggjunum,“ segir Björg.

Innangengt er á barinn frá Háskólatorgi, auk þess sem hægt er að ganga inn á hann beint af götunni. Opið er frá 11 til 23 alla daga nema fimmtudaga og föstudaga, þegar opið er til eitt, og þrátt fyrir að markhópurinn sé háskólanemar er staðurinn opinn öllum.

Innflutningshátíð Stúdentakjallarans hófst í dag og stendur til 31. janúar. Mikil og flott dagskrá verður á hátíðinni og segir Björg hana eiga að endurspegla þá flóru sem verður í dagskránni yfir höfuð. „Við verðum með alls konar grín, dans, kvikmyndir, töfrabrögð, kappræður og mikla tónlist til að nefna dæmi. Það er bara vonandi að þetta mælist vel fyrir og allir fái eitthvað fyrir sinn snúð,“ segir hún. **- trs**



**FJÖLBREYTT DAGSKRÁ** Björg segir reynt að höfða til hins fjölbreytta háskólasamfélags með mikilli flóru í dagskrá Stúdentakjallarans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Einn vinsælasti söngleikur heims
nú loks á Íslandi!
BORGARLEIKHÚSIÐ
í samstarfi við
ÍSLENSKA DANSFLOKKINN
kynnir nýja uppsetningu á söngleik
Disney og CAMERON MACKINTOSH
MARY POPPINS
Byggt á sögum P.L. TRAVERS og kvikmynd frá WALT DISNEY
Forsölutilboð fyrsta daginn!
1.000 kr. afsláttur af miðaverði 23. janúar
Forsala hefst á miðvikudag kl. 10!
Frumsýnt 22. febrúar
Viðskiptavinum Íslandsbanka býðst 20% afsláttur á fyrstu 15 sýningarnar
ef keypt er fyrir frumsýningu og greitt með greiðslukorti frá Íslandsbanka í miðasölu Borgarleikhússins
Frumsýnt fös. 22/2 kl. 19
lau. 23/2 kl. 19
lau. 2/3 kl. 19
sun. 3/3 kl. 19
þri. 5/3 kl. 19
mið. 6/3 kl. 19
fim. 7/3 kl. 19
lau. 9/3 kl. 19
sun. 10/3 kl. 19
mið. 13/3 kl. 19
lau. 16/3 kl. 19
sun. 17/3 kl. 19
fös. 22/3 kl. 19
lau. 23/3 kl. 19
sun. 24/3 kl. 19
fim. 11/4 kl. 19
lau. 13/4 kl. 19
sun. 14/4 kl. 19
lau. 29/4 kl. 19
sun. 21/4 kl. 19
mið. 24/4 kl. 19
lau. 27/4 kl. 19
föst. 3/5 kl. 19
lau. 4/5 kl. 19
Íslandsbanki
Íd Íslenski dansflokkurinn
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### 380 þúsund á eBay

Hæsta boð í klapptréð sem aðstandendur kvikmyndarinnar Django Unchained árituðu fyrir **Guðmund Felix Grétarsson** var um 380 þúsund krónur í gærkvöldi á uppboðssíðunni eBay. Uppboðinu lýkur 26. janúar, en fjárhæðin nam í upphafi um 250 þúsund krónum. Allur ágóðinn fer í endurhæfingu vegna handaágræðslu sem Guðmundur Felix mun að öllum líkindum gangast undir í Frakklandi síðar á þessu ári. Á meðal þeirra sem árituðu klapptréð var leikstjórinn Quentin Tarantino og leikararnir Jamie Foxx, Leonardo DiCaprio og Samuel L. Jackson. Það var Heba Þórisdóttir, sem hafði yfirumsjón með förðun leikaranna, sem fékk stjörnurnar til að árita klapptréð fyrir Guðmund frænda sinn.



### Þrennir útgáfutónleikar

**Björgvin Sigurðsson** og félagar í Skálmöld ætla að halda þrenna útgáfutónleika í febrúar til að fylgja eftir annarri plötu sinni, Börn Loka, sem kom út fyrir jól. Víkingarokkararnir spila á tvennum tónleikum í Hofi á Akureyri 2. febrúar og hefjast þeir síðari ekki fyrr en klukkan 23 um kvöldið. Viku síðar spila þeir svo í Háskólabíói. Hljómsveitin á marga dygga aðdáendur hér á landi og má búast við mikilli stemningu þegar plötunni verður fagnað. - fb



## Mest lesið vísir

1 Rændi bíl af öldruðum manni með ofbeldi - lést örfáum dögum síðar
2 Vilborg flogin frá Suðurpólnum - fékk kampavín og hátíðarkvöldverð
3 Tilræðismaðurinn nafngreindur - notaði líklega gasbyssu
4 Hulunni svipt af hryllilegu dýraníði
5 Ótrúlegt tilræði - byssan brást á sviðinu
6 Hulunni svipt af hryllilegu dýraníði

MAX ÚTSALA
ALLT Á LÁGMAX VERÐI
MAX RAFTÆKI

Við opnum í Borgartúni

**Landsbankinn opnar í dag** nýtt og glæsilegt útibú í Borgartúni 33. Þangað flyst nú öll starfsemi útibúsins sem var á Laugavegi 77.

**Aukin þjónusta**
Útibúið er hannað með það að leiðarljósi að efla þjónustu við viðskiptavini enn frekar og gera hana fjölbreyttari og nútímalegri.

**Meiri sjálfsafgreiðsla**
Við kynnum nýja hraðbanka með fjölda nýrra möguleika í sjálfsafgreiðslu. Í þeim er veitt nánast öll þjónusta sem gjaldkerar veita.

**Betri aðstaða**
Öll aðstaða er til fyrirmyndar, boðið er upp á þráðlaust net og aðgengi að tölvum. Svo er tekið vel á móti börnum í Sprotalandi.

Við bjóðum ykkur velkomin í nýtt útibú í Borgartúni 33.




Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000